

HRÚTASKRÁ

2020 - 2021



SAUÐFJÁRSÆDINGASTÖÐ
SUÐURLANDS



SAUÐFJÁRSÆDINGASTÖÐ
VESTURLANDS

KRAFTBLANDA

Inniheldur Effekt Midi Island steinefnablöndu

KRAFTBLANDA-30

- 30% fiskimjöl
- Óerfðabreytt hráefni
- Lífrænt selen

KRAFTBLANDA-15

- 15% fiskimjöl
- Óerfðabreytt hráefni
- Lífrænt selen



Bústólpi

HJARTAÐ Í
ÍSLENSKUM LANDBÚNAÐI

Bústólpi ehf - fóður og áburður • Oddeyrartanga • 600 Akureyri
bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is

EFNISYFIRLIT

Skýringar	4
Frá sauðfjársæðingastöðvunum	6
Suðurland	
Hyrndir hrútar	8
Kollóttir hrútar	18
Hrútar 2020-2021, lambhrútaskoðun og kynbótamat.....	26
Vesturland	
Hyrndir hrútar	28
Kollóttir hrútar	37
Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna 2020.....	43
Kjötmat afkvæma sæðingastöðvahrúta haustið 2020.....	44
Frjósemi og fóðrun sauðfjár.....	45
Árangur sæðinga vorið 2020 eftir sæðishrútum	46
Arfgerðir sauðfjár.....	47
Sauðfjársæðingar og beiðsli.....	48
Fallnir hrútar 2019-2020.....	50

ATRÍÐISORÐASKRÁ

SUÐURLAND

HYRNDIR

Hólkur 15-823	8
Heimaklettur 16-826	8
Mínus 16-827	9
Mjólnir 16-828	10
Blossi 16-837 (nýr)	10
Garpur 16-838 (nýr)	11
Kappi 16-839 (nýr)	11
Muninn 16-840 (nýr)	12
Durtur 16-994	12
Amor 17-831	14
Börkur 17-842 (nýr)	14
Rammi 18-834	16
Snar 18-846 (nýr)	16
Austri 19-847 (nýr)	17

KOLLÓTTIR

Móri 13-982	18
Baukur 15-818	18
Klettur 16-851 (nýr)	20
Fálki 17-821	20
Bikar 17-852 (nýr)	21
Pristur 18-856 (nýr)	21
Lurkur 19-858 (nýr)	22

FERHYRNDUR

Satúrnus 17-843 (nýr)	23
-----------------------	----

FELDFJÁR

Ljúfur 16-817	24
---------------	----

FORYSTU

Torfi 17-816	24
--------------	----

VESTURLAND

HYRNDIR

Dólgur 14-836 (nýr)	28
Búi 15-822	28
Breki 16-824	29
Glámur 16-825	29
Stapi 16-829	30
Sammi 16-841 (nýr)	30
Glæpon 17-809	32
Bruni 17-832	32
Viðar 17-844 (nýr)	33
Kofi 18-833	33
Völlur 18-835	34
Glóinn 18-845 (nýr)	34
Glitnir 19-848 (nýr)	36
Kostur 19-849 (nýr)	36

KOLLÓTTIR

Vöttur 15-850 (nýr)	37
Viddi 16-820	37
Guðni 17-814	38
Þokki 17-853 (nýr)	38
Svörður 18-854 (nýr)	40
Tónn 18-855 (nýr)	40
Fennir 19-857 (nýr)	41

FELDFJÁR

Melkollur 18-859 (nýr)	42
------------------------	----

FORYSTU

Kjartan 16-860 (nýr)	42
----------------------	----

Hrútaskrá 2020-2021

Útg. Sauðfjársæðingastöðvarnar
á Suður- og Vesturlandi

Ritstjóri: Guðmundur Jóhannesson

Mynd á forsiðu: Hrútar á Gaul í Staðarsveit, f.v. Skolli 18-507
(f. Bjartur 15-967) og Gammur 17-504 (f. Mávur 15-990).

© Halla Eygló Sveinsdóttir.

Myndir af hrútum Halla Eygló Sveinsdóttir og Torfi Bergsson.

Umbrot: Rósa Björk Jónsdóttir.

Prentun: Fjölrítunar- og útgáfuþjónustan,
nóvember 2020

MÁL OG STIGUN

Mál og stigun hrútanna er gefin upp þar sem dómur liggur fyrir, í eftirfarandi röð: Ár-þungi-fótleggur, mm-ómvöðvi/ómfita/lögun-haus-háls og herðar-bringa og útlögur-bak-malir-læri-ull-fætur-samræmi=stig alls.

ULLARLÝSINGAR

Emma Eyþórsdóttir og Árni Brynjar Bragason hafa skoðað og gefið umsögn um ull sæðishrútanna og fylgir hún með lýsingu þeirra.

GERÐ

Upplýsingum um holdfyllingarflokkun í kjötmati einstakra hrúta er breytt í tölugildi. Holdfyllingarflokkarnir fá þessi tölugildi; E=14, U=11, R=8, O=5 og P=2. Þannig þýðir 9,50 fyrir gerð að flokkun undan viðkomandi hrút hafi t.d. verið 50% í U og 50% í R. Eðlilegt er að meðaltal fyrir gerð lækki með auknum ásetningi undan viðkomandi hrút. Þá er rétt að menn hafi í huga þann mikla mun sem er í vænleika milli búa.

FITA

Á sama hátt eru tölugildin sem reiknað er með í fituflokkun eftirfarandi; 1=2, 2=5, 3=8, 3+=9, 4=11, 5=14. Áhersla á meðaltal fyrir fituflokkun er í raun öfugt við vaxtarlagsmeðaltalið, því lægra sem fitumeðaltalið er því betra. Þarna verður á sama hátt að lesa varlega úr tölum og með hliðsjón af mismiklum vænleika.

KYNBÓTAMAT (BLUP) FYRIR SKROKKGÆÐI (GERÐ OG FITU)

Kynbótamat er reiknað út frá upplýsingum úr kjötmati frá árunum 2011-2020. Meðaltal allra gripa í gagnasafninu er 100, hækkun um 10 stig þýðir 1 staðalfrávik frá meðaltali. Þegar rætt er um kynbótamat fyrir skrokk-gæði er átt við kjötmatseinkunn þar sem fitumatið vegur 50% en gerðarmatið 50%. Í sviga er birt öryggi matsins.

Kjötmatsgögn fyrir 2020 miðast við stöðu gagnagrunns 3. nóvember 2020.

KYNBÓTAMAT (BLUP) FYRIR FRJÓSEMI OG MJÓLKURLAGNI

Kynbótamat fyrir afurðaeiginleikana (frjósemi og mjólkurlagni) er byggt á upplýsingum 10 yngstu árganga ána. Fyrir mjólkurlagni eru það ær fæddar 2009-2018, fyrir frjósemi ær fæddar 2010-2019. Fyrir hvorn eiginleika er reiknað mat fyrir fjögur fyrstu afurðarár ána. Hvert ár hefur jafnt vægi (25%) í samsettri einkunn fyrir mjólkurlagni. Í samsettri einkunn fyrir frjósemi er vægi hvers árs breytilegt, vægi 1 vetra er 10%, vægi 2 vetra er 60%, vægi 3 og 4 vetra er 15% hvort ár. Meðaltal er 100 og hækkun um 10 stig þýðir 1 staðalfrávik frá meðaltali. Fyrir yngstu hrútana eru upplýsingar um dætur enn litlar þannig að upplýsingar um nánustu ættingja vega mjög þungt í kynbótamati þeirra. Í sviga er birt öryggi matsins.

KYNBÓTAMAT (BLUP) - HEILDAREINKUNN

Frá árinu 2012 er reiknuð heildareinkunn þar sem kynbótamat allra eiginleika er vegið saman í eina einkunn. Vægi skrokk-gæða, frjósemi og mjólkurlagni er jafnt í þeirri einkunn. Einstaklingur með 120 í einkunn fyrir skrokk-gæði, 110 fyrir frjósemi og 100 fyrir mjólkurlagni hefur þannig heildareinkunn 110. $((120+110+100)/3 = 110)$.

LITAERFDIR

Litaerfdir hjá íslensku sauðféru eru vel þekktar. Flestir hrútar á stöðvunum eru arfhreindir hvítir og undan slíkum hrútum fæðast aðeins hvít lömb. Ef hrútur er arfblendinn, en hvítur, getur hann einnig gefið aðra liti en hvítan. Mögulegt er að hrútar séu arfblendnir fyrir gráum, golsóttum eða botnóttum lit, eða hlutlausir, sem er lang algengast. Þá skiptir máli hvort hrúturinn erfir mórauðan lit, en mórauð lömb fæðast aldrei undan öðrum hrútum en þeim sem erfa þann lit. Síðasti þátturinn er að segja til um hvort hrúturinn erfir tvílit eða ekki. Rétt er að vekja athygli á því að sterk tengsl eru á milli litarerfða og hreinhvíta litarins á þann veg að hreinhvítar kindur búa yfirleitt ætíð yfir erfðavísun fyrir tvílit. Þannig má undantekningarlítið fá hreinhvít lömb undan þeim hrútum sem erfa tvílit, þó að þeir séu sjálfir ekki hreinhvítir. Tekið er fram ef vitað er að hrúturinn geti gefið hreinhvít lömb leyfi móðurætt slíkt.

ARFGERÐARGREINING V/RIÐUSMITS

- 1.** VERNDANDI ARFGERÐIR (ARR/ARR; ARR/ARQ; ARR/ARH; ARR/AHQ). Erfðafræðilega mest verndandi. Finnast ekki í íslensku fé.
- 2.** LÍTIÐ NÆMAR ARFGERÐIR (AHQ/AHQ; AHQ/ARQ). Erfðafræðilega lítið næmar fyrir smiti.
- 3.** MIÐLUNGSNÆM ARFGERÐ (ARQ/ARQ). Hlutlaus arfgerð. Algengasta arfgerðin í íslensku fé.
- 4.** ÁHETTUARFGERÐIR (ARQ/VRQ; AHQ/VRQ; VRQ/VRQ). Erfðafræðilega mikið næmi fyrir smiti.

Rétt er taka fram að ekki eru teknir aðrir hrútar á stöð en þeir sem eru annað hvort með miðlungsnaema arfgerð eða lítið naema arfgerð.

SKRÁNING SÆÐINGA

Mikilvægt er að skráning sæðinga gerist sem fyrst.

Þeir fjáreigendur sem skrá fjárbókhald í FJARVIS.IS geta skráð allar upplýsingar þar strax og framkvæmd sæðinga er lokið.

Aðrir senda upplýsingar úr dagbók sæðingamanns strax til viðkomandi búnaðarsambands til skráningar.

Þegar skráning sæðinga hefur verið unnin koma allar frekari upplýsingar til úrvinnslu á öllum skýrslum um árangur sæðinga beint úr fjárbókhaldinu í FJARVIS.IS.



Milljónablanda

Milljónablanda er með 37% próteininnihaldi, vegna þess að hún inniheldur ríkulegt magn af fiskimjöli. Óerfðabreytt blanda, sem hentar vel með próteinsnaudu heyi.

Gott að gefa hrútum og ám á fengitíma. Inniheldur selen og mikið af bætiefnum.



Sauðfjárblanda

Sauðfjárblanda er óerfðabreytt með 16% próteininnihaldi, sem byggir eingöngu á jutraafurðum. Hentar afar vel með meðalgóðum heyjum. Inniheldur góða samsetningu af steinefnum og vítamínum.

Til að ná mikilli frjósemi er nauðsynlegt að sauðfé sé í góðu næringarástandi á fengitíma.



Lambakögglar

Sérstakt kjarnfóður fyrir lömb með mjólkurgjöf. Blandan stuðlar að auknum heilbrigðum vexti og þroska vambarinnar. Blandan er fullbætt steinefnum og vítamínum, sem eru sérlöguð að þörfum sauðfjár.

Lystugir 3 mm kögglar.



LIFELINE - Hrútar

Fóður- og bætiefnastampur fyrir lambhrúta og aðra fullorðna hrúta. Ríkulegur af hágæða próteini og orku til að uppfylla þarfir fyrir frjósama, harðgerða og öflugra hrúta.

Óerfðabreytt.



FYRIR
ÖFLUGA
HRÚTA!

LIFELINE - Lömb og ær

LIFELINE - Lömb og ær steinefnastampurinn er einstakur að sinni gerð þar sem samsetningu hans er ætlað að tryggja sem best heilbrigði ófæddra lamba og lambánna um leið.

Óerfðabreytt.



Fjölbreytt úrval fyrir fengitímann!
Kíktu á úrvalið á www.fodur.is

SAUÐFJÁRSÆÐINGA- STÖÐVARNAR



Lurkur 19-858, Þristur 18-856 og Fennir 19-857. Mynd: Torfi Bergsson.

SUÐURLAND

Afgreiðsla: 1. - 21. desember

Í síma **482 1920** fyrir kl. 9:00 samdægurs eða á netfangið **sveinn@bssl.is**.

Áður en sæðistaka hefst er hægt að panta sæði hjá Sveini Sigurmundssyni í sínum **480 1800 / 480 1801** eða **894 7146**.

SKIPULAG Á SUÐURLANDI:

V-Skaftafellssýsla, Eyjafjöll og Landeyjar **9.-12. des.**
Rangárþing-ytra, Ásahr., Fljótshlíð og lágsveitir Árnessýslu. **13. -16. des.**

Uppsveitir Árnessýslu > **17.- 20. des.**
Austur-Skaftafellssýsla. Stefnt er að ferðum

Frá og með byrjun des. og til og með 9. des.

PANTANIR UTANSVÆÐA

Pantanir utan starfssvæða Búnaðarsambands Suðurlands og Búnaðarsamtaka Vesturlands fara í gegnum búnaðarsambönd á viðkomandi svæðum nema um annað sé samið sérstaklega.

VERÐ Á SÆÐI:

1-19 sæddar ær.....1.175 kr./sk.
20-49 sæddar ær.....1.005 kr./sk.
50-99 sæddar ær.....870 kr./sk.
100 ær eða fleiri sæddar.....810 kr./sk.
Til búnaðarsambanda..... 785 kr./sk.

Öll verð eru án vsk.

Lágmarksafgreiðsla er 1 strá eða sæði í 5 ær. Innheimt verður að lágmarki 70 % af pöntuðu sæði. Uppgjöri skal lokið fyrir áramót.

VESTURLAND

Afgreiðsla: 1. - 21. desember

Pantanir þurfa að berast fyrir kl. 21:00 daginn fyrir sæðingu. Panta skal í gegnum pöntunarform sem aðgengilegt er á **www.buvest.is**

Einnig er hægt að panta í síma **437 1215** en pantanir í síma verða að berast á skrifstofu BV í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 síðasta virka dag fyrir sæðingu.

Allar breytingar á pöntunum þurfa að berast fyrir kl. 9:00 að morgni sæðingadags á netfangið **bv@bondi.is**, eða í síma **892 0517**.

SKIPULAG Á VESTURLANDI:

Starfsmenn BV munu dreifa sæðispöntunum á tilgreinda áfangastaði á fjarlægari svæðum eins og verið hefur.

Reiknað er með að bændur á starfssvæði BV sæði sjálfir eða í samvinnu við aðra, enda hafi viðkomandi sótt námskeið í sauðfjársæðingum.

SKRÁNINGAR Á SÆÐINGUM:

Allar sæðingar skulu skráðar í fjarvis.is af viðkomandi bónda eða sæðingamanni. Mikilvægt er að viðkomandi bóndi/sæðingamaður sem skráir sæðingarnar (helst samdægurs) sendi tölvupóst til viðkomandi búnaðarsambands um að öllum skráningum sé lokið og/eða ef eitthvað er óskráð t.d. lambgimbrar sem ekki hafa fengið fullorðinsnúmer.

SAUÐFJÁRSÆÐINGANÁMSKEIÐ:

Hestur Borgarfirði 02.12 2020 kl 13-18
Stóra Ármót 03.12 2020 kl 13-18

Nánari upplýsingar og skráning á heimasíðu Endurmenntunar Lbhí, endurmenntun.lbhi.is.

VÖRUR FYRIR ÍSLENSKT SAUÐFÉ BÚVÖRUR SS



Ærblanda SS

Óerfðabreytt kjarnfóður

Orkurík kjarnfóðurblanda með 17,2% hrápróteini. Inniheldur fjölbreytt hráefni með góðan lystugleika og tormelt prótein fyrir hámarks ullarvöxt. Rík af kalsíum, fosfór og magnesíum. Gott jafnvægi stein- og snefilefna.

15 kg pokar / 750 kg sekkir



Vitlick Soft Sheep



Stein- og snefilefnarík bætiefnafata með hvítlauk sem er hentug með vetrarfóðrun. Hátt seleninnihald.

15 kg fata

Salto Får saltsteinn



Saltsteinn sem inniheldur náttúrulegt bergsalt og má notast við lífræna ræktun. Inniheldur stein- og snefilefni, þar á meðal selen.

10 kg steinn



Erum með sprej og krítar í nokkrum litum ásamt fleiri vörum fyrir sauðfjábændur.




Búvörur SS | S: 575-6070 | www.buvorur.is | buvorur@ss.is

Verslun Fosshálsi 1, 110 Reykjavík | S: 575-6071 | Opið virka daga kl.: 10:30-18:00

Verslun Ormsvelli 4, 860 Hvolsvelli | S: 575-6099 | Opið virka daga kl.: 09:00-17:00

15-823 HÓLKUR

frá Brekku, Núpasveit.



FMF: LUNDI 03-945, MFFF: LÓMUR 02-923, MMMF: RAFTUR 05-966



Lýsing: Hvítur, krapphyrndur með svipmikinn haus. Háls er sver og vel bundinn við holdfylltar herðar. Örlítið slöður aftan við bóga. Útlögur góðar og holdfylling í baki og mölum góð. Lærvöðvi einstaklega vel lagaður. Hólkur er sterklegur hrútur og samsvarar sér vel. Fótleggur 120 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Fölgulur í hnacka og á fótum. Svartar dröfnur á eyrum. Nokkuð um gul hár í ull á mölum. Ullarmagn í meðallagi. Þelið jafnt. Togið fremur lítið, í meðallagi gróft.

Reynsla: Hólkur 15-823 er að hefja sinn annan vetur á stöðvunum, en hann var fenginn þangað sem góður alhlíða kynbótahrútur. Hann fékk góðar viðtökur hjá bændum á sínum fyrsta vetri og aðeins tveir stöðvahrútar fengu meiri notkun. Hrutahópurinn sem kom til dóms var þar af leiðandi stór, eða 225 hrútar. Vænleiki þeirra var nærri meðaltali sona hyrndu hrútanna en þykkt bakvöðvans heldur undir meðaltalinu. Nokkur breytileiki var meðal afkvæma hans í þykkt og lögun bakvöðvans. Það sama má segja um stigun lambanna, þau voru býsna breytileg en samt kom fram talsvert af stórglæsilegum lömbum af báðum kynjum. Riflega 62% af sláturlömbum undan Hólki fóru í holdfyllingarflokka E og U, þar af tæp 14% í E.

Kynbótamat Hólks fyrir dætraeiginleika er gott og hækkaði mat hans fyrir frjósemi um 3 stig eftir vorið. Árið 2019 voru 39 dætur hans heima á Brekku með 5,0 afurðastig af jafnaði. Að ári mun stór dætrahópur dreifður um landið gefa gleggri mynd af honum sem ærföður.


Litaerföir: Hólkur er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2015-45-110-32/1,3/5,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,5-19,0-7,5-8,0-8,0=86,5 stig.


LAMBHRÚTASKOÐUN 2020

Fjöldi	225
Þungi	48,7
Fótleggur	108,2
Læri	17,7
Ull	7,8
Ómvöðvi	31,1
Ómfita	3,2
Lögun	4,2



16-826 HEIMAKLETTUR

frá Hriflu, Þingeyjarsveit.



MFF: Púki 06-807, MMF: Hylur 01-883



Lýsing: Hvítur, fínhyrndur með grannan haus. Holdfylling framparts í meðallagi. Bakið sterkt. Holdfylling í mölum og lærum góð. Fótleggur 118 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Fölgulur í hnacka og á fótum. Ullarmagn fremur lítið. Togið fremur stutt og fremur fingert. Þelið jafnt.

Reynsla: Heimaklettur 16-826 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð. Hann var valinn sem alhlíða kynbótahrútur og fékk allmikla notkun sinn fyrsta vetur á stöð. Um 130 synir hans komu til dóms nú í haust. Margir þeirra voru lágfættir en langvaxnir, með þykkari og vel lagaðan bakvöðva. Talsvert var af álitlegum ásetningshrútum og allmargir þar að auki hreinhvítir og ullargóðir. Af sláturlömbum undan Heimakletti fóru 62% í holdfyllingarflokka E og U, þar af rúm 16% í E. Heimaklettur lofar góðu sem ærfaðir líkt og BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur til kynna.

Faðir hans Drangi 15-989 virðist vera skila frábærlega mjólurlögnum dætrum, en hann var því miður aðeins einn vetur á sæðingastöð. Dætur Heimakletts í Hriflu höfðu 4,9 afurðastig að jafnaði nú í haust. Heimaklettur er því líklegur til að verða góður ærfaðir líkt og BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika segir til um. Rétt er að benda á að Heimaklettur er annar tveggja hrúta á stöðvunum núna sem arfleiddir afkvæmi sín að arfgerð lítt nærri fyrir riðusmiti.


Litaerföir: Heimaklettur er arfblandinn fyrir gráum lit í A-sæti, gefur mórautt, tvílit og hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Lítið næm arfgerð (AHQ//ARQ).

Mál og stigun: 2016-45-108-34/2,5/4,5-8,0-9,0-8,5-9,0-9,0-19,0-7,5-8,0-8,0=86,0 stig.

LAMBHRÚTASKOÐUN 2020

Fjöldi	126
Þungi	48,1
Fótleggur	106,9
Læri	17,7
Ull	8,0
Ómvöðvi	31,8
Ómfita	3,2
Lögun	4,3



16-827 MÍNUS

frá Mýrum 2, Hrótafirði.



Lýsing: Hvítur, hyrndur með þröttlegan haus. Herðar eru ávalar, bringan breið og útlögur mjög miklar. Bakið breitt og holdfyllt. Malir ákaflega vel gerðar, breiðar og holdfylltar. Holdfylling í lærum mjög góð og lokar klofi vel. Mínus er þéttvaxinn, fremur bollangur og fallægur hrútur. Fótleggur 116 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Hreinhvítur, ullarmikill, með mjög mikið þel. Togið stutt og fremur fingert.

Reynsla: Mínus 16-827 er að hefja sinn annan vetur á stöðvunum en hann var fenginn á stöð sem hreinhvítur, alhliða kynbótahrútur. Síðasta vetur var Mínus einn af eftirsóttari hyrnu hrúttunum og komu 145 synir hans til dóms nú í haust. Synir hans voru dálítið undir meðaltali í þunga sona hyrnu stöðvahrúttanna en þykkt bakvöðvans talsvert yfir meðaltali og lögun hans í betri kantinum. Þessi bræðrahópur var fremur lágfættur en þeir oft prýðilega lang- og jafnvaxnir. Bakmala og lærahold voru sterkasta hlið margra þeirra. Eins og vænta mátti gaf Mínus nokkuð af hreinhvítum lömbum, en vert að minnast þess að hreinhvít kemur ekki fram í fyrstu kynslóð afkomenda nema báðir foreldrar gefi möguleika á því. Tæplega 62% af sláturlömbunum undan Mínusi fóru í holdfyllingarflokkana E og U, þar af tæp 11% í E.

BLUP-kynbótamat fyrir dætur gefur fyrirheit um að Mínus sé góður ærfaðir. Árið 2019 voru 5 dætur hans heima á Mýrum 2 með 5,6 afurðastig að jafnaði. Þær voru allar tvílembdar nema ein sem var þrílembd. Fyrsti dætrahópurinn úr sæðingum mun gefa gleggri mynd af honum sem ærfóður næsta haust. Mínus virðist standa vel undir því að vera góður alhliða kynbótahrútur.

Litaerföir: Mínus er arfhreinn hvítur, gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stígun: 2016-53-103-39/3,7/4,0-8,0-8,0-9,0-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-9,0=86,0 stig.

LAMBHRÚTASKOÐUN 2020

Fjöldi	145
Þungi	47,0
Fótleggur	106,8
Læri	17,8
Ull	8,0
Ómvöðvi	31,9
Ómfita	3,0
Lögun	4,3

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							114
Fita							102
Skrokkgæði (99%)							108
Frjósemi (79%)							104
Mjólkurlagni (78%)							103
Heildareinkunn							105

Sprettur ÁBURÐUR

þegar mest á reynir
fyrir tún og akra



Skeljungur

16-828 MJÖLNIR

frá Efri-Fitjum, Fitjárdal.

MYRKVI 12-665

11-038

RUNNI 11-014 ~ 08-076

FROSTI 07-843 ~ 06-070

frá Urriðaá

frá Bjarnastöðum

FFF: LAUFI 08-848; FMMF: LJÓMI 98-865



Lýsing: Hvítur, gleiðhyrndur með sterkan svip. Herðar örlítið háar, bringan breið og útlögur miklar. Bakið holdgróið. Malir langar, breiðar og mjög holdfylltar. Lærvöðvi ákaflega góður og lokar klofi vel. Mjöltnir er harðskeyttur, harðholda glæsigripur. Fótleggur 119 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum. Örlítið gult í ull, sérstaklega aftan til. Ullarmagn í tæpu meðlaggi. Tog fremur gróft, sérstaklega að aftan.

Reynsla: Mjöltnir 16-828 kom á sæðingastöðvarnar sumarið 2019. Hann fékk góðar viðtökur hjá bændum síðasta vetur og var í hópi mest notuðu stöðvahrútanna. Enginn hrútur átti fleiri fullstigaða syni en Mjöltnir nú í haust, ríflega 250. Í hópnum voru margir úrvalshrútar og þar á meðal hæst stigaði hrútur haustsins með 91,5 stig. Styrkleiki þeirra liggur í afar miklum þroska og öflugum mala- og læraholdum. Stundum eru afkvæmi Mjöltnis örlítið gróf átaks um herðar sem skapast að einhverju leyti af litilli fitusöfnun. Sá hluti afkvæmanna sem sendur var til slátrunar í haust skarst ákaflega vel en yfir 70% þeirra fóru í holdfyllingarflokk E og U, þar af nærri 19% í E. Líkt og kynbótamat Mjöltnis sýnir þá sameinar enginn af stöðvahrúttunum betur hóflega fitu og góða gerð. Mjöltnir er ekki til mikilla kynbóta varðandi ullargæði og þá bar aðeins á veikleika í fótum hjá afkvæmum hans.

Mjög vel lítur út með frjósemi dætra Mjöltnis en 23 dætur hans báru á Efri-Fitjum í vor. Þar er frjósemi mjög mikil en dætur Mjöltnis voru þar vel yfir búsméðaltali í öllum aldursflokkum. Ekki liggur fyrir afurðauppgjör fyrir 2020 en haustið 2019 höfðu dætur hans 4,8 afurðastig að jafnaði. Mjöltnir er öflugur alhliða kynbótahrútur og hentar trúlega sérstaklega vel þar sem vænleiki dilka er mikill.

Litaerfðir: Mjöltnir er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórauðan lit né tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2016-51-107-33/3,3/4,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=86,0 stig.

LAMBHRÚTASKOÐUN 2020

Fjöldi	251
Pungi	49,4
Fótleggur	109,4
Læri	17,9
Ull	7,8
Ómvöðvi	30,7
Ómfita	2,7
Lögun	4,1

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						117
Fita						125
Skrokkgæði (99%)						121
Frjósemi (82%)						118
Mjólkurlagni (81%)						102
Heildareinkunn						114

16-837 BLOSSI

frá Teigi 1, Fljótshlíð.

NÝR

BEKRI 12-911 frá Hesti

FANNEY 13-073

frá Vallarbraut 12, Hvolsvelli

GRÁBOTNI 06-833 ~ 06-178

KJÁLKI 08-037 ~ GLAUFNA 10-366

frá Vogum 2

frá Teigi 2

FMF: Raftur 05-966; MFF: Bjálki 06-995; MFM: Fannar 07-808; MMMF: Rektor 00-889



Lýsing: Hvítur, hyrndur með svípmikinn haus og gott hornalag. Herðar breiðar og útlögur góðar. Bakið sterkt. Mala- og lærahold þrýðileg. Blossi er bollangur og gerðarlegur hrútur. Fótleggur 119 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Fölgulur í hnacka og við dindil en sterkulur á fótum, lítið um gul hár í reyfi. Togið fremur gróft og þelið í þynnra lagi. Fremur ullarlíttill.

Reynsla: Blossi 16-837 var valinn til notkunar á sæðingastöð sumarið 2020 og við val hans réð mestu hversu öflugur ærfaðir hann er. Hann skipar sér í hóp bestu hrúta landsins hvað þá eiginleika snertir og ekki þekkt að þokugen eða sambærilegur frjósemierfðavisir standi að baki þeirri miklu frjósemi sem dætur hans sýna. Um leið er hann þrýðisgóður lambafaðir. Haustið 2019 höfðu slátrulömbin undan honum 18,4 kg fallþunga að jafnaði, með 10,3 í gerð og 6,3 í fitu. Búsmeðaltalið var 17,9 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 10,3 og fyrir fitu 6,4.

Vel yfir 20 dætur Blossa sýndu glæsilega niðurstöðu árið 2019, en frjósemi þeirra reyndist vel yfir búsméðaltali á búi þar sem fæðast að jafnaði um og yfir tvö lömb á hverja kind. Þær höfðu 5,8 afurðastig að jafnaði haustið 2019.

Móðir Blossa, Fanney 13-073 var tvílembd veturgömul og hefur síðan verið tvisvar tvílembd, þrisvar þrílembd og einu sinni látið. Hún hefur 9,9 afurðastig.

Litaerfðir: Blossi er arfblendinn fyrir botnóttum lit í A-sæti, hefur erfðavisir fyrir mórauðum lit, tvílit og þar með hreinhvítu.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2016-55-110-35/2,8/5,0-8,0-8,5-9,0-9,5-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=86,5 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						108
Fita						107
Skrokkgæði (98%)						108
Frjósemi (89%)						124
Mjólkurlagni (88%)						117
Heildareinkunn						116

16-838

NÝR

GARPUR

frá Staðarbakka (Hákoni Þór Tómassyni), Hörgárdal.

GRÍMUR 14-955 frá Ytri-Skógum

NAÐRA 14-423

LÆKUR 13-928 ~ GRÍMA 11-829

SALÓMON 10-203 ~ FREYDÍS 10-995

FMF: Grábotni 06-833; MFF: Kveikur 05-965; MFMF: Þróttur 04-991; MMFF: Púki 06-807;
 MMMF: Garður 05-802



16-838

Lýsing: Hvítur hyrndur, aðeins hrjúfur um herðar en bolurinn fremur sívalur. Bakið sterkt, malir breiðar og holdfylltar og lærahold góð. Bollangur hrútur og rólegur í umgengni. Fótleggur 116 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Vel hvítur, gul hár fundust ekki í reyfi. Togið hrokkið og fint. Þelið þykkt. Ullin mjúk og fremur mikil. Ullargóður hrútur.

Reynsla: Garpur 16-838 bættist í hóp sæðingastöðvahrúta sumarið 2020. Val hans byggir á alhliða góðri reynslu hans sem kynbótahrúts á hinu gamalgróna sauðfjárnú að Staðarbakka. Garpur hefur verið farsæll sem lambafaðir, skilað fremur vænum lömbum með góðri gerð og hóflegri fitu. Í ár var meðalfallþungi afkvæma hans 19,7 kg, einkunn fyrir gerð 11,5 og einkunn fyrir fitu 7,0. Meðalfallþunginn á Staðarbakka var 18,3 kg í haust, einkunn fyrir gerð 11,3 og einkunn fyrir fitu 6,6.

BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika bendir til að dætur hans verði bæði frjósamur og góðar mjólkuræ. Eldri dætur hans áttu að jafnaði fleiri en 2 lömb fædd voru við 2020 sem er vel yfir búsméðaltali og veturgamlar dætur hans voru við búsméðaltal. Í haustuppgjöri 2019 höfðu þær 5,2 afurðastig að jafnaði en 4,8 afurðastig að jafnaði í haustuppgjöri 2020. Betri dómur mun fast á dæturnar á næstu árum en talsverð fjölgun varð í dætrahópnum í haust og á Garpur 49 dætur á Staðarbakka í vetur.

Móðir Garps, Naðra 14-423, var tvílembd veturgömul, hefur síðan þrisvar verið einlembd (tvísvar eftir sæðingu), einu sinni tvílembd og einu sinni þrílembd. Hún er góð mjólkuræ og hefur 8,1 afurðastig.

Litaerföir: Garpur er arfblendinn hvítur, erfir ekki mórault en gefur tvílit og hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stígun: 2016-52-108-35/1,7/5,0-8,0-9,0-9,0-9,5-9,5-18,0-8,5-8,0-8,5=88,0 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						114
Fita						115
Skrokkgæði (97%)						115
Frjósemi (85%)						106
Mjólkurlagni (83%)						107
Heildareinkunn						109

16-839

NÝR

KAPPI

frá Þóroddsstöðum, Hrutafirði.

HÖFÐINGI 10-919
frá Leiðólfstöðum

13-314

SKUGGA-SVEINN 07-876 ~
frá ÁsgarðiELLA 04-404
frá HólumGUMI 09-880 ~ 08-809
frá Borgarfelli

MMF: Þráður 06-996; MMMF: Lási 02-944; MM: 08-809 er alsystir 08-810
 MM: Samma 16-841



16-839

Lýsing: Hyrndur, mórâuður með fríðan haus. Kappi er að upplagi vel gerður hrútur eins og lambsdómur hans sýnir, en er núna langt frá því að sýna sitt rétta atgervi. Hefðbundin mynd er því ekki í boði.

Ullarlýsing: Dökkmórâuður með fallega mórâuða ull. Mórâuði liturinn er jafn um allt reyfið. Togið er í meðallagi gróft og jafnt, fremur hrokkið.

Reynsla: Kappi 16-839 var valinn til notkunar á sæðingastöð sumarið 2020 sem mórâuður hrútur en ekki síður horft til reynslu af honum sem lambafaðir heima á Þóroddsstöðum. Þar hefur hann verið einn af þeim hrútum sem hafa skilað hvað bestri gerð lamba síðustu árin. Haustið 2019 var fallþungi afkvæma hans 17,9 kg, einkunn fyrir gerð 11,6 og fitu 6,6. Búsméðaltalið var 18,0 kg, einkunn fyrir gerð 10,4 og fitu 6,2. Afkvæmi Kappa hafa jafnframt komið vel út við dóma lífandi lamba og hefur hann verið við toppinn í afkvæmarannsóknunum heima á Þóroddsstöðum síðustu haust.

Lítill reynsla er fengin á dætur Kappa en BLUP-kynbótamat hans fyrir frjósemi er undir meðallagi en aðeins yfir meðallagi fyrir mjólkurlagni. Frjósemi dætra hans heima á Þóroddsstöðum hefur verið aðeins undir búsméðaltali og dætur hans höfðu 4,7 afurðastig að jafnaði nú í haust.

Móðir Kappa, 13-314, var tvílembd veturgömul og hefur síðan verið fjórum sinnum tvílembd, einu sinni þrílembd og einu sinni einlembd (Kappi er fæddur einlembingur) og er með 9,9 afurðastig.

Litaerföir: Kappi er mórâuður, gefur alla grunnliti, leyfi móðurætt það – erfir ekki tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stígun: 2016-53-110-31/4,4/4,5-8,0-9,0-9,5-9,0-9,5-18,5-8,0-8,0-8,0=87,5 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						121
Fita						99
Skrokkgæði (97%)						110
Frjósemi (77%)						94
Mjólkurlagni (76%)						104
Heildareinkunn						103

16-840

MUNINN

frá Yzta-Hvammum, Aðaldal.

NÝR

ÞÓR 13-149

IÐA 11-121

ÁS 09-877 ~ FJÁRLEG 10-013

KOSTUR 09-152 ~ Á 08-914

frá Skriðu

FMFF: KVEIKUR 05-965; MFFF: RAFTUR 05-966; MFME: MANGÓ 03-948;
MMMM: ÁLL 00-868

Lýsing: Hvítur, krapphyrndur. Herðar þokkalega holdfylltar og útlögur í meðallagi. Bakið sterkt og mala- og lærahold öflug. Kviðlétur og snyrtilegur hrútur. Fótleggur 116 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Bjartleitur og virðist hreinhvítur en nokkuð er um gul hár í reyfinu. Togið fremur stutt, meðalgróft og þelið í þynnra lagi. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Muninn 16-840 bættist í hóp sæðingastöðvahrúta sumarið 2020. Hann var valinn á grunni góðrar alhiða reynslu af honum sem kynbótahrútur. Muninn kemur úr öflugri ræktun í Yzta-Hvammum og standa að honum sterkir lambafeður. Faðir Munins, Þór 13-149, var á sínum tíma einn af aðalhrútum búans og skilaði feiknagóðri gerð í afkvæmum sínum. Veturgamall stóð Muninn efstur með miklum yfirburðum í afkvæmarannsókn í Yzta-Hvammum en kjötmatseinkunn hans þá var 153 stig. Þá var meðalfallþungi afkvæma hans 16,7 kg, einkunn fyrir gerð 11,9 og einkunn fyrir fitu 6,1. Í samanburðinum voru 14 hrútar og var meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni 16,5 kg, meðaleinkunn fyrir gerð 10,4 og fyrir fitu 6,6. Muninn hefur síðan sannað ágæti sitt sem öflugur lambafaðir og á syni sem skarað hafa framúr.

BLUP-kynbótamat fyrir dætraeinleika segir að dætur Munins verði heldur yfir meðaltal bæði hvað varðar frjósemi og mjólkurlagni. 12 dætur hans höfðu 5,5 afurðastig að jafnaði haustið 2019. Frjósemi dætra vorið 2020 var yfir búsméðaltali fyrir veturgamlar dætur og ær fæddar 2017. Tveggja vetra dætur hans voru undir búsméðaltali í frjósemi. Dætur hans höfðu 5,1 afurðastig að jafnaði nú í haust. Í vetur verða 36 dætur hans til í Yzta-Hvammum.

Móðir Munins, Iða 11-121 var einlembd veturgömul en ætíð tvílembd eftir það með 7,4 afurðastig. Iða drapst fyrir burð vorið 2017.

Litaerfðir: Muninn er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2016-44-108-30/2,5/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-19,0-8,5-8,0-8,0=86,5 stig.

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						134
Fita						107
Skrokkgæði (98%)						121
Frjósemi (81%)						103
Mjólkurlagni (79%)						101
Heildareinkunn						108

16-994

DURTUR

frá Hesti, Borgarfirði.

RUDDI 15-737

15-127

OFSI 14-721 ~ RÓFA 11-324

DANNI 12-923 ~ HERBORG 12-518

frá Sveinungsvík

FFF: Garri 11-908; FMF: Grábotni 06-833; MMF: Hergill 08-870;
MMMM: Borði 08-838; FM: Rófa 11-324 einnig MM: Ramma 18-834

Lýsing: Hvítur, hyrndur með sveran haus. Jafnvaxinn og vel gerður hrútur hvar sem á honum er tekið. Samsvarar sér vel en nafnið lýsir geðslagi hans vel. Fótleggur 120 mm í október 2017.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka og á fótum. Töluvert um gul hár í ull. Ullarmagn undir meðallagi. Tog stutt í baki, fremur gróft og slétt.

Reynsla: Durtur 16-994 er nú að hefja sinn fjórða vetur á stöðvunum. Hann fékk dágóða notkun síðasta vetur og komu ríflega hundrad synir hans til dóms þetta haustið. Eins og áður mældust þeir og stiguðust vel og margir reyndust efnilegir ásetningshrútar. Líkt og fyrri ár fer Durtur ofar í gæðaröðina í samanburði á hyrndu stöðvahrútunum þegar kjötmatsmenn meta afkvæmi hans. Þetta árið fóru 75% af sláturlömbum undan honum í holdfyllingarflokk E og U, þar af 17,5% í E. Enginn hyrndu stöðvahrúta skilar jafn lágu hlutfalli sláturlamba í fituflokk 2 og Durtur. Hann er því ekki rétti hrúturinn fyrir þá sem vilja minnka fitu á dilkunum. Nokkuð stór hópur sona Durts víða um land hafa sýnt framúrskarandi niðurstöðu sem lambafeður á sínum heimbánum.

Durtur er að verða talsvert reyndur sem ærfaðir. Dætur hans eru aðeins undir meðaltali í frjósemi en góðar mjólkurær sem skila vænum lömbum.

Litaerfðir: Durtur er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórauðan lit né tvílít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2016-44-110-31/3,5/4,5-8,0-9,0-8,5-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=86,0 stig.

	2018	2019	2020
Lambhrútaskoðun			
Fjöldi	80	250	111
Þungi	48,7	47,8	48,0
Fótleggur	108	109	108,3
læri	17,8	17,9	17,7
Ull	7,8	7,8	7,9
Ómvöðvi	31,1	31,5	32,2
Ómfita	3,4	3,4	3,2
Lögun	4,3	4,3	4,4

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						124
Fita						97
Skrokkgæði (100%)						111
Frjósemi (98%)						97
Mjólkurlagni (98%)						108
Heildareinkunn						105

Fjərbætir

Efnainnihald:

Prótín 16%
Aska 9,36%
Fita 3,96%
Tréni 9,5%
VEM 932

20kg - kr. 2.690



**Flott
brettatilboð!**

Óerfðabreyttur fjərbætir

Endurvinnanlegar umbúðir

*Öll verð eru með vsk.

Grindur fyrir sauðfé

Nettar og þægilegar grindur fyrir sauðfé.

Lengdir:

1,22m - kr. 8.611
20% afsl. - kr. 6.889
1,52m - kr. 9.703
20% afsl. - kr. 7.762
1,83m - kr. 10.503
20% afsl. - kr. 8.402
Hæð: 0,90m



Afhendingartími - Apríl 2021

*Öll verð eru með vsk.

**20%
afsláttur**

Ef pantað
er fyrir
15. janúar!

Stein- og bætiefni



17-83 I

AMOR

frá Snartarstöðum, Núpasveit.

BÖRKUR 13-952 frá Efri-Fitjum

13-04 I

BIRKIR 10-893 ~ 08-008

KORNI 10-520 ~ 11-042

frá Bjarnastöðum

frá Þverá

FMF: ÞRÁÐUR 06-996; MFFF: RAFTUR 05-966;
MMFF: KVEIKUR 05-965; MMMF: LUNDI 03-945

17-83 I

Lýsing: Hvítur, fínhyrndur, örlítið hár um herðar. Útlögur góðar. Holdfylling góð á baki og mölum. Lærahöldin frábær. Amor samsvarar sér vel og er myndarlegur hrútur að allri gerð. Fótleggur 121 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Svartdröfnóttur á haus. Örlítið gult í hnakka en fannst ekki í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Reyfið jafnt og togið meðalfint.

Reynsla: Amor 17-83 I var fenginn á sæðingastöðvagnar haustið 2019 að aflokinni afkvæmarannsókn fyrir úrvalshrúta í Norður-Þingeyjarsýslu. Þar stóð Amor uppi sem sigurvegari. Hann var einn af þeim hrútum sem átta hvað flesta syni sem skoðaðir voru í haust. Útkoma þeirra var almennt ein sú besta hjá hyrndu sæðingastöðvahrútnum. Hann skilaði frábærum bak og læraholdum, mörgum hreinhvítum og ullargóðum lömbum og átti geysimikið af úrvalsgóðum hrúts-efnum. Rúm 70% af sláturlömbum undan Amor fóru í holdfyllingarflokkka E og U, þar af 22% í E. Enginn af hyrndu stöðva-hrútnum skilaði jafn háu hlutfalli af E lömbum.

Dætur Amors heima á Snartarstöðum fara ágætlega af stað í frjósemi en þær voru yfir búsméðaltali bæði vorið 2019 og 2020. Mjólurlagni þeirra er enn svolítið óráðin. Dæturnar á Snartarstöðum voru undir búsméðaltali í haust (4,3 afurðastig að jafnaði), flestar veturgamlar. Fleiri dætur Amors eru til á nokkrum öðrum bæjum í Norður-Þingeyjarsýslu og hverju þær skila mun varpa betra ljósi á hversu mikilli afurðasemi hann skilar til afkomenda sinna. Amor er í öllu falli lambafaðir í fremstu röð, en stór hópur dætra tilkominna með sæðingum mun skýra betur hvar hann stendur m.t.t. dætraeiginleika í haustuppgjöri 2021.

Litaerföir: Amor er arfhreinn hvítur - gefur hreinhvitt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-46-110-32/1,6/5,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,5-18,0-8,0-8,0-8,5=87,0 stig.

LAMBHRÚTASKOÐUN 2020

Fjöldi	200
Þungi	48,6
Fótleggur	109,0
Læri	17,9
Ull	8,1
Ömvöðvi	32,3
Ömfita	3,0
Lögun	4,3

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						120
Fita						109
Skrokkgæði (99%)						115
Frjósemi (91%)						106
Mjólurlagni (87%)						103
Heildareinkunn						108

17-842

BÖRKUR

frá Kjalvararstöðum, Reykholtssdal.

NÝR

BURKNI 13-951 frá Mýrum 2

15-305

BIRKIR 10-893 ~ 08-598

SAUMUR 12-915 ~ 13-178

frá Bjarnastöðum

frá Ytri-Skógum

MMFF: Hukki 06-84 I; MMMF: Bifur 06-994



17-842

Lýsing: Hvítur, hyrndur með þröttlegan og fríðan haus. Hálsinn sver og einstaklega vel bundinn við ákaflega holdfylltar og breiðar herðar. Bakið breitt, sterkt og holdgróð. Malir kúptar og gríðarlega vel holdfylltar. Lærahold frábær. Einstaklega jafnvaxinn og gerðarlegur hrútur. Rólegur í umgengni. Fótleggur 112 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, dindli og á fótum. Gul hár áberandi aftan til í reyfinu. Togið í meðallagi að lengd og fínleika. Þelið þykkt og ullarmagnið í góðu meðallagi.

Reynsla: Börkur 17-842 kom á sæðingastöð haustið 2020 að lokinni afkvæmarannsókn á Hesti. Börkur heimtist ekki fyrr en í nóvember sem lamb og fékk því ekki formlegan lambsdóm. Eigi að síður var hann álitlegur ásetningshrútur að mati eiganda síns sem notaði hann á dálitinn hóp. Þessi fyrsti afkvæmahópur vakti athygli fyrir einstaklega góða og jafna gerð. Börkur var í kjölfarið mikið notaður heima á Kjalvararstöðum og á öðrum bæjum í grenndinni á næsta vetri. Útkoman var sú sama, einstaklega jöfn og glæsileg afkvæmi. Börkur var því falaður til þátttöku í afkvæmarannsókninni á Hesti sl. vetur en í þeirri rannsókn reyndust tvílembingshrútar undan honum 1 kg þyngri á fæti en hrútarnir voru að meðaltali. Synir hans mældust með þykkasta bakvöðvann og lögun vöðvans var jafnframt ein sú besta. Á þessum bræðrum mældist hins vegar ein mesta fita á baki í þessum samanburði. Synir Barkar stiguðust næstbest fyrir læri og deildu næstbestu einkunn fyrir frampart. Fallþungi sláturlamba undan Berki var 17,7 kg, einkunn fyrir gerð 12,5 og fyrir fitu 5,9. Meðalfallþungi í rannsókninni var 17,0 kg, einkunn fyrir gerð 10,9 og fitu 5,5.

BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika er Berki ekki hagstætt en það er undir meðallagi fyrir bæði frjósemi og mjólurlagni. Þó eru vísbendingar um að það muni hækka en dætur hans heima á Kjalvararstöðum voru svolítið yfir búsméðaltali fyrir frjósemi vorið 2020 og höfðu 5,2 afurðastig að jafnaði um haustið.

Móðir Barkar, 15-305 var einlembd gemlingur en síðan tvílembd. Hún er með 6,2 afurðastig.

Litaerföir: Börkur er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: Börkur heimtist í nóvember 2017 - því ekki til lambsdómur.

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						132
Fita						106
Skrokkgæði (99%)						119
Frjósemi (81%)						97
Mjólurlagni (77%)						99
Heildareinkunn						105

Búðu þig vel undir hauststörfin



Ólafur Eggertsson
Porvaldseyri



Stöm, létt,
endingargöð

Dunlop purol professional stígvél

Vnr. 9655 D460933

Stígvél sem henta við garðyrkju og landbúnað þar sem ekki er krafist öryggisstígvéla.



Vertu
sýnilegur
í vetur

K2 kuldagalli EN471 CL.3

Vnr. 9616 K2 2009

Vattfóðraður kuldagalli með rennilás á skálmum.

DIMEX



Dimex úlpa

Vnr. 9609 6691

Vattfóðruð úlpa með stroffi að neðan og góðum vösnum.



Mobil

Mobil delvac MX 15W-40 20l

Vnr. 3020 150775

Minerölsk olía fyrir vélar í flutningabílum og vinnuvélum.



Mobilfluid 428 20l

Vnr. 3020 155629

Drif- og vökvakerfisolía fyrir traktora og vinnuvélar.



Banner

Rafgeymir 180ah 1000a

Vnr. 581 PRO 68008

Rafgeymir fyrir þá sem stoppa aldrei. Super Heavy Duty. 514x223x220 v+

Verðslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Blönduós s. 440 1339 • Húsavík s. 440 1448
Höfn s. 478 1940 • Ísafjörður s. 456 3574 • Klettagarðar s. 440 1330
Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245 • Reyðarfjörður s. 474 1293
Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127 **440 1000 n1.is**

N1

ALLA LEIÐ

18-834 RAMMI

frá Hesti, Borgarfirði.

TRAUSTUR 17-788

SKOTTA 17-355

STYRKUR 16-770 ~16-207

DÍMON 16-993 ~ RÓFA 11-324

FFF: KRAFTUR 11-947; FMF: HROKI 15-969; MFF: KÖLSKI 10-920; MMF: GRÁBOTNI 06-833, MM: RÓFA 11-324 EINNIG FM: DURTS 06-994



18-834

Lýsing: Hvítur, fremur krapphyrndur með stuttan þröttlegan haus og holdfylltar og breiðar herðar. Bolurinn ákaflega sívalur. Bakið holdgróið. Malir, langar, breiðar og kúptar. Lærvöðvi ákaflega vel lagaður og fyllir vel í krikann. Rammi er samanrekin holdahnaus. Fótleggur 112 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka og á fótum. Töluvert gult í reyfi aftan til. Ullarmagn í góðu meðallagi. Togið jafnt og fremur gróft, þelið þykkt og mikið.

Reynsla: Rammi 18-834 er nú að hefja sinn annan vetur á stöð. Hann fékk góðar viðtökur hjá bændum á sínum fyrsta vetri og var meðal eftirsóttustu hrúta. Tæplega tvö hundruð synir hans komu til dóms. Þeir voru heldur í léttari kantinum en mældust að meðaltali með þykkastan bakvöðva meðal sona stöðvahrúta. Gimbrar undan Ramma mældust einnig með þykkastan bakvöðva og alveg ljóst að Rammi er mjög sterkur kynbótahrútur þegar kemur að þykkt og lögun bakvöðvans. Þegar á heildina er litið eru afkvæmi hans prýðilega jafnvaxin og holdþétt. Tæplega 70% af sláturlömbum undan honum fóru í holdfyllingarflokk A og U, þar af rúm 17% þeirra í E. Rammi er öflugur og kynfastur lambafaðir. Hann átti 14 veturgamlar dætur á Hesti nú í vor sem báru að meðaltali 1,3 lömbum sem er sama og búsméðaltal. Allt bendir til að Rammi verði góður ærfaðir en reynsla næstu ára mun skera úr um það.

Litaerföir: Rammi er arfblendinn fyrir dökkum lit, gefur mórautt en ekki tvilit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2018-52-104-35/2,9/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,0-7,5-8,0-8,5=86,5 stig.

LAMBHRÚTASKOÐUN 2020

Fjöldi	196
Þungi	47,2
Fótleggur	107,7
Læri	17,7
Ull	7,9
Ömvöðvi	33,1
Ömfita	3,2
Lögun	4,4

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						118
Fita						107
Skrokkgæði (99%)						113
Frjósemi (80%)						102
Mjólurlagni (76%)						107
Heildareinkunn						107

18-846

SNAR

frá Leifstöðum, Öxarfirði.

SKÚLI 17-781 frá Hafrafellstungu

ELSA 16-731

ÞRÆLL 15-100 ~ SLÉTTU-KOLA 10-516 LÁSI 13-985 ~ ÁSGEIRA 13-485

frá Leirhöfn

MMF: LÁSI 02-944; MMFF: BLAKKUR 07-865

NÝR



18-846

Lýsing: Hvítur fremur krapphyrndur. Herðar breiðar og holdfylltar og bolurinn sívalur. Bakið breitt og holdfyllt. Malahold góð. Lærvöðvi kúptur og lokar klofi vel. Glæsilegur hrútur. Fótleggur 116 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og ullarmagn í meðallagi. Togið fínt og stutt en þelið þykkt. Ull góð.

Reynsla: Snar 18-846 var valinn til notkunar á sæðingastöðvunum haustið 2020 á grunni afkvæmarannsóknar fyrir úrvalshrúta í N-Þingeyjarsýslu, sem fram fór á Ytra-Álandi. Hann vakti athygli sem geysilega öflugur lambafaðir heima á Leifstöðum haustið 2019 og var í framhaldinu fenginn til prófunar fyrir stöðvarnar. Snar var afgerandi besti lambafaðirinn í þessari afkvæmarannsókn. Hann átti bæði langflest hrútsefning og stærsta hlutdeild í gimbrahópnum sem tekinn var frá til nánari skoðunar. Synir hans voru að jafnaði með þykkasta bakvöðvann og best gerðu lærin ásamt því að skila góðri og vel hvítri ull. Snar er hins vegar enginn fituleysishrútur og kom það fram í báðum hlutum rannsóknarinnar. Meðalfallþungi tvílembingshrúta undan honum var 18,9 kg, einkunn fyrir gerð var 10,7 og einkunn fyrir fitu 8,1.

Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 18,5 kg, einkunn fyrir gerð 9,8 og einkunn fyrir fitu 7,7.

Snar er öreyndur sem ærfaðir, en ef hann sækir kosti í móðurættina er hann líklegur til að reynast vel sem slíkur. Stór hópur dætra var settur á undan honum í haust, bæði heima á Leifstöðum, á Ytra-Álandi og fleiri bæjum. Á næsta ári mun því myndin skýrast nánar hvar hann stendur fyrir afurðaeiginleika dætra.

Móðir Snars, Elsa 16-731, hefur staðið sig prýðilega. Hún var tvílembd veturgömul og tvisvar eftir það en einu sinni einlembd og hefur 6,4 afurðastig.

Litaerföir: Snar er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvitt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2018-40-105-31/3,2/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-8,5-18,0-8,5-8,0-8,5=86,5 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						127
Fita						91
Skrokkgæði (96%)						109
Frjósemi (60%)						100
Mjólurlagni (59%)						103
Heildareinkunn						104

19-847

AUSTRI

frá Hesti, Borgarfirði.

NÝR



Lýsing: Hélugrár, fínhyrmdur með gott hornalag. Jafnvaxinn hrútur með ágæta holdfyllingu hvar sem á honum er tekið. Rólegur í umgengni. Fótleggur 119 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Grái liturinn er ójafn um bolinn. Togið er fremur gróft og strítt. Þelið fremur lítið. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Austri 19-847 var einn þriggja hrúta sem fengnir voru á stöð eftir að niðurstöður úr afkvæmarannsókninni á Hesti lágu fyrir nú í haust. Sýnir Austra voru rétt undir meðaltali rannsóknarinnar í lifandi þunga en þykkt bakvöðvans og stig fyrir framtart og læri vel yfir meðaltali rannsóknarinnar. Fita á baki var nokkuð undir meðallagi. Meðalfallþungi tvílembingshrúta undan Austra var 17,2 kg, einkunn fyrir gerð 11,6 og fitu 5,0. Meðalfallþungi í rannsókninni var 17,0 kg, einkunn fyrir gerð 10,9 og fitu 5,5. Afkvæmi Austra voru aldrei í efsta sætinu í einstökum þáttum rannsóknarinnar en alltaf ófarlega í röðinni. Hlutfall gerðar og fitu hjá sláturlömbum undan honum var reyndar það besta í rannsókninni, eða 2,3.

Móðir Austra, 13-560 var tvílembd gemlingur og alltaf síðan utan tvisvar þrílembd. Hún hefur 8,6 afurðastig og hefur meirihluti lamba hennar verið valinn til lífs.

Litaerföir: Austri er arfblendinn grár en erfir hvorki mórauðan lit né tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2019-42-112-32/3,1/4,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=86,0 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						123
Fita						111
Skrokkgæði (90%)						117
Frjósemi (68%)						105
Mjólkurlagni (68%)						108
Heildareinkunn						110

Ertu klár fyrir fengitímann?



Chevit E-Selen / V

- Inniheldur E-vitamin og Selen
- Eykur frjósemi
- Eflandi áhrif á ónæmiskerfið
- Auðvelt að gefa

Flaskan dugur í 125 ær



Skírlífsbelti



Forðastautar fyrir sauðfé

- Leysast hægt upp í vömbinni
- Virka í u.þ.b 4 mánuði
- Fæst einnig með kopar
- 50 stk í stauk

Allar upplýsingar og verð, ásamt ríkulegu úrvali inn á netverslun okkar:



Klaufklippur

Verslaðu í hlýjinni heima

WWW.KB.IS

13-982 MÓRI

frá Bæ 1, Árneshreppi. (Keyptur frá Steinstúni, Árneshreppi.)

GEIRI 11-685 Árnesi 2

IÐJA 11-942

ÖLUR 10-632 ~ GRÝTA 08-306

BOTNI 09-555 ~ SKATA 08-809

MFF: Smyrill 04-800; FMMF: Vísir 01-892



13-982

Lýsing: Mórauður, kollóttur. Frampartur sívalur og ágætlega holdfylltur. Holdfylling í baki, mölum og lærum góð. Föngulegur og jafnvaxinn hrútur. Mjög spakur og geðgóður hrútur í allri umgengni. Fótleggur 123 mm í október 2017.

Ullarlýsing: Mórauður með hvítan blett í hálsi. Mórauði liturinn jafn, svoltið af gráum hárum í lærum. Ullarmagn í meðallagi. Ullin togmikil. Togið langt, mikið og fingert.

Reynsla: Móri 13-982 er að hefja sinn fjórða vetur á sæðingastöðvunum. Hann hefur fengið mikla notkun enda mörgum ræktendum ljóst, að til hans má sækja margt gagnlegt. Afkvæmi hans eru yfirleitt mjög þroskamikil, sum óþarflega háfætt en yfirleitt ágætlega holdfyllt. Synir hans hafa dæmst vel að jafnaði og árlaga hefur komið fram talsvert af ágætum hrútsefnum. Nú í haust fóru um 54% sláturlamba undan Móra í holdfyllingarflokk E og U, þar af rúm 5% í E. Móri er ein skærasta stjarna stöðvanna sem ærfaðir og kynbótamat hans fyrir bæði frjósemi og mjólkurlagni dætra er afbragðsgott. Nú í vetur er hann aldursforseti á stöðvunum og ber aldurinn vel. Einn sonur hans, Svörður 18-854 er nú á sæðingastöð og eins dóttursonur, Tónn 18-855. Móri er öflugur alhliða kynbótahrútur.

Litaerföir: Móri er mórauður, gefur alla grunnliti, leyfi móðurætt það – gefur tvítt og hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2013-42-110-28/2,8/3,5-8,0-8,0-8,0-8,5-8,5-17,0-7,5-8,0-8,0=81,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2018	2019	2020
Fjöldi	127	53	90
Pungi	51,0	50,9	50,4
Fótleggur	112	112	111,7
Læri	17,6	17,8	17,7
Ull	7,9	8,1	8,1
Ómvöðvi	30,4	30,4	30,5
Ómfita	3,1	3,1	3,1
Lögun	4,0	4,2	4,1

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							103
Fita							108
Skrokkgæði (100%)							106
Frjósemi (96%)							120
Mjólkurlagni (96%)							119
Heildareinkunn							115

15-818 BAUKUR

frá Hrappsstöðum, Laxárdal.

JÓNSI 14-028 frá Broddanesi 1

11-004 frá Heydalsá (G.S)

DJÁKNI 13-065 ~ 12-387

DOLLAR 07-350 ~ 05-159

MMFF: Bolli 99-874. Dollar 07-350 var faðir Heydals 09-929.



15-818

Lýsing: Hvítur, kollóttur með þröttlegan haus. Hálsinn stuttur og sver, herðarnar breiðar og holdfylltar og bolurinn sívalur. Bakið breitt og malir ágætlega fylltar en ögn afturdregnar. Lærahold fráber, lærvöðvi mjög kúptur; þykkur og lokar klofi vel. Bollangur hrútur og samsvarar sér vel. Fótleggur 116 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Svartdröfnóttur á eyrum og haus. Tvær svartar doppur á herðum. Fölgulur á haus, hnakka og fótum. Ullarlítil. Togið stutt en mjög fingert.

Reynsla: Baukur 15-818 er að hefja annan veturinn á sæðingastöð. Hann fékk dágóða notkun sl. vetur. Um sjötíu synir hans komu til dóms og voru þeir að jafnaði þéttvaxnir, bollangir og margir með mjög öflugan afturpart. Þeir létu oft ekki mikið yfir sér en voru yfirleitt mjög átaksgóðir við nánari skoðun. Talsvert kom fram af öflugum ásetningshrútum. Sláturlömb undan Bauk flokkuðust vel og fóru rúmlega 68% af þeim í holdfyllingarflokk E og U, þar af um 15% í E. Hann kom næstur á eftir Fálka 17-821 af kollóttu stöðvahrútunum hvað þetta varðar. Baukur á dágóðan dætrahóp á heimaslóðum í Laxárdalnum. Frjósemi þeirra hefur verið í góðu lagi og kynbótamat fyrir mjólkurlagni dætra hefur hækkað um 5 stig frá fyrra ári. Baukur er öflugur lambafaðir og allt bendir til að hann verði góður alhliða kynbótahrútur.

Litaerföir: Baukur er arfblendinn í A-sæti, gefur alla grunnliti, leyfi móðurætt það, gefur tvítt og hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2015-54-109-30/4,1/4,5-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,5-8,0-8,0-9,0=86,5 stig.

LAMBHRÚTASKOÐUN	2020
Fjöldi	65
Pungi	48,3
Fótleggur	108,3
Læri	17,8
Ull	8,2
Ómvöðvi	30,5
Ómfita	3,6
Lögun	4,0

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							114
Fita							102
Skrokkgæði (99%)							108
Frjósemi (93%)							100
Mjólkurlagni (92%)							108
Heildareinkunn							105



Sauðfjárbændur

Kjötafurðastöð KS á Sauðárkróki
og **Sláturhús KVH ehf.** á Hvammstanga
reka öflugar afurðastöðvar sem þjóna sauðfjárbændum
með slátrun og afurðasölu.

Við þökkum bændum um land allt
viðskiptin síðastliðin haust!



Eyrarvegi 20 550 Sauðárkróki www.ks.is



Sláturhús KVH ehf.

Norðurbraut 24 530 Hvammstangi www.skvh.is

16-85 I

NÝR

KLETTUR

frá Árbæ, Reykhólasveit (Keyptur frá Reykhólum, Reykhólasveit.)

HNOKKI 12-047

SNÓT 14-133

DOFRI 11-037 ~ 10-424

SPOTTI 13-942 ~ 10-415

MMF: Strengur 09-891; MFF: Steri 07-855; FFMF: Frakksson 03-974



Lýsing: Hvítur kollóttur með þröttlegan haus. Herðar aðeins háar en bolur fremur sívalur. Holdfylling í baki, mölum og lærum þrýðileg. Hraustlegur og bollangur hrútur. Fótleggur 115 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og ullarmagn í tæpu meðallagi. Togið meðalgróft og þelið fremur þunnt.

Reynsla: Klettur 16-85 I var falaður fyrir sæðingastöðvarnar sumarið 2020 sem alhiða kynbótahrútur. Klettur hefur verið einn af bestu lambafeðrunum hjá Tómasi Sigurgeirssyni á Reykhólum undanfarin ár og skilað vænum og holdþéttum lömbum. Haustið 2019 var fallþungi afkvæma hans 17,6 kg að jafnaði, einkunn fyrir gerð 10,2 og fitu 6,8. Búsmeðaltal sama ár var 17,2 kg, gerð 9,3 og fita 6,3.

Klettur lofar jafnframt góðu sem ærfaðir en í haustþuppgjöri 2019 höfðu 8 dætur hans 5,4 afurðastig að jafnaði. Það er í samræmi við BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika.

Faðir Kletts, Hnokki 12-047 er orðinn áhrifamikill kynbótahrútur í kollótta stofninum í landinu þar sem nokkrir afkomenda hans hafa þegar valist inn á sæðingastöðvarnar. Má þar nefna Reyk 14-812, Fannar 14-972, Koll 15-983, Blika 16-819 og Vidda 16-820.

Móðir Kletts, Snót 14-133 var tvílembd veturgömul og alltaf síðan nema 2019 lét hún fangi en föstraði þó eitt lamb. Snót er með 8,7 afurðastig.

Litaerfðir: Klettur er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2016-47-104-29/3, 1/4, 5-8, 0-9, 0-9, 0-9, 0-9, 0-18, 0-8, 5-8, 0-8, 0=86,5 stig.

	EIGINLEIKI 90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						115
Fita						98
Skrokkgæði (97%)						107
Frjósemi (82%)						100
Mjólkurlagni (79%)						115
Heildareinkunn						107

17-82 I

FÁLKI

frá Bassastöðum, Steingrímsfirði.

POKU-SMYRILL 16-006

16-272

HREINN 15-114 ~ 13-146

STAPI 14-108 ~ 14-182

MMF: Baugur 10-889; FFFF: Kroppur 10-890; FFMF., FMMF: og

MMMF: Heydalur 09-929



Lýsing: Hvítur, kollóttur með þrekleigan og fríðan haus. Herðar mjög holdfylltar, bringan breið og útlögurnar miklar. Bakið breitt. Malir óvenju breiðar, kúptar og holdfylltar. Lærahöldin einstök. Glæsihrútur að allri gerð. Fótleggur 118 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Hreinhvítur, mjög ullarmikill. Reyfi þykkt og jafnt. Togið fíngert, hrokkið og glansandi. Þelið þykkt og mikið. Fyrirmyndarull.

Reynsla: Fálki 17-82 I bætist í hóp sæðingastöðvahrúta haustið 2019 eftir afkvæmarannsókn fyrir úrvalshrúta í Strandsýslu á Melum I í Árneshrepp. Þar sýndu afkvæmi hans að hann er frábær lambafaðir. Niðurstöður Fálka úr lambaskoðunum í haust voru stórglæsilegar. Stigaðir voru rúmlega 100 synir hans. Meðaltal heildarstiga þeirra var hærra en sást hjá sonum annarra sæðingastöðvahrúta eða rúm 86 stig. Lömbin undan Fálka voru í alla staði vel gerð og enginn stöðvahrútur jafn sterkur á öflug lærahold. Styrkleiki hans endurspeglast einnig í háu gerðarmati í sláturhúsi. Af 240 sláturlömbum í haust, fóru tæp 80% í holdfyllingarflokk A og U, þar af 29% í E. Enginn hrútur skilaði viðlíka hlutfalli í E-flokk. Einn ljóður var á notkun Fálka síðasta vetur, en ekki hélt nægilega vel við honum í sæðingunum.

Dætur Fálka fóru ekki sérlega vel af stað hvað varðar frjósemi. Í vor lagaðist staða hans aðeins og hækkar hann um 2 stig í kynbótamati fyrir þann eiginleika milli ára. Á Melum báru 13 veturgamlar dætur hans 1,2 lömbum að jafnaði sem var aðeins undir búsmeðaltali. Ekki liggur fyrir afurðauppgjör dætra Fálka í haust en útlit er fyrir að þar standi dæturnar sig í ágætu meðallagi. Fálki er umfram allt afgerandi „gerðarhrútur“ en skynsamlegt er að velja á móti honum fremur frjósamur ær.

Litaerfðir: Fálki er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-53-107-31/5, 6/4, 0-8, 0-8, 5-9, 5-9, 0-9, 5-19, 0-8, 5-8, 0-8, 5=88,5 stig.

LAMBHRÚTASKOÐUN 2020



Fjöldi	105
Þungi	50,4
Fótleggur	108,0
Læri	18,2
Ull	8,4
Ómvöðvi	31,5
Ómfita	3,2
Lögun	4,3

	EIGINLEIKI 90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						126
Fita						108
Skrokkgæði (99%)						117
Frjósemi (81%)						95
Mjólkurlagni (76%)						100
Heildareinkunn						104

17-852 BIKAR

frá Syðri-Reykjum, Miðfirði.

NYR



17-852

Lýsing: Dökkgrár, kollóttur með langan og breiðan haus. Herðar breiðar og holdfylltar og útlögur góðar. Holdfylling í baki og á mölum góð. Lærvöðvi fyllir mjög vel í krika. Bollangur og frísklegur hrútur. Fótleggur 123 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Grái liturinn nokkuð jafn um bolinn. Togið er langt og meðalgróft. Þelið er mjög þunnt og ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Bikar 17-852 var valinn á sæðingastöð sumarið 2020 vegna góðrar reynslu af honum sem lambaföður heima á Syðri-Reykjum. Haustið 2019 voru sláturlömb undan honum að jafnaði 17,3 kg, einkunn fyrir gerð 9,6 og einkunn fyrir fitu 5,8. Búsmeðaltal sama ár var 17,0 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 9,0 og einkunn fyrir fitu 5,9. Bikar er því sterkur lambafaðir. Fyrir þá aðila sem eru að rækta feldfé gæti Bikar hentað til innblöndunar til að bæta byggingarlag því ullin er þellítill, toglöng og grái liturinn nokkuð jafn um allan bolinn.

Fyrstu upplýsingar um dætur Bikars benda jafnframt til þess að hann verði góður ærfaðir líkt og BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur til kynna. Rúmur tugur dætra hans sýndi frjósemi um meðallag árið 2019 og hafði 5,2 afurðastig að jafnaði þá um haustið.

Móðir Bikars, 15-523 var tvílembd veturgömul, síðan einu sinni einlembd, einu sinni tvílembd og tvisvar þrílembd með 6,3 afurðastig.

Litaerfðir: Bikar er arfblendinn grár, gefur tvítt og hreinhvít en ekki mórault.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).


Mál og stigun: 2017-58-110-39/5,0/4,5-8,0-9,0-9,5-9,5-9,5-18,5-8,0-8,0-9,5=89,5 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						114
Fita						110
Skrokkgæði (96%)						112
Frjósemi (79%)						105
Mjólurlagni (77%)						111
Heildareinkunn						109

18-856 PRISTUR

frá Stað, Steingrímsfirði.

NYR



18-856

Lýsing: Hvítur kollóttur með stuttan og fríðan haus. Hálsinn sver og herðarnar breiðar og holdfylltar. Útlögur miklar og bakið breitt og holdfyllt. Malir mjög breiðar og lærvöðvi þykkur og lokar vel í krika. Breiðvaxinn og gerðarlegur hrútur. Rólegur í umgengni. Fótleggur 117 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Svartdröfnóttur á haus og fölgulur á haus og fótum. Gul hár áberandi um allt reyfið. Togið fremur langt en finlegt. Þelið þykkt og hrúturinn ullarmikill.

Reynsla: Pristur 18-856 var fenginn á sæðingastöð haustið 2020 að lokinni afkvæmarannsókn á úrvalshrutum sem fram fór á Heydalsá á búi Ragnars og Sigríðar. Pristur vakti fyrst athygli fyrir frábæra útkomu heima á Stað haustið 2019. Þá stóð hann efstur hrúta á sínu heimabúi með talsverða yfirburði fyrir bæði skoðun lifandi lamba og í mati sláturlamba. Í afkvæmarannsókninni á Heydalsá átti hann talsvert af áberandi fallægum lömbum sem völdust til lífs og holdfyllingarmat afkvæmanna var það næsthæsta í rannsókninni. Meðalfallþungi tvílembingshrúta undan Pristi var 20,7 kg, einkunn fyrir gerð 13,2 og einkunn fyrir fitu 7,8. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 19,7 kg, einkunn fyrir gerð 11,9 og einkunn fyrir fitu 6,9.

Vegna aldurs er lítil reynsla fengin af dætrum Prists en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur góð fyrirheit í þeim efnum. Sjö veturgamlar dætur hans áttu 1,3 lömb að jafnaði vorið 2020 sem var talsvert yfir búsmeðaltali.

Móðir Prists, Þribba 13-065, var einlembd veturgömul en hefur síðan verið tvisvar sinnum einlembd, tvisvar tvílembd og tvisvar þrílembd með 8,2 afurðastig.

Litaerfðir: Pristur er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2018-53-106-35/3,0/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,5-18,5-7,5-8,0-8,5=87,5 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						124
Fita						114
Skrokkgæði (90%)						119
Frjósemi (67%)						105
Mjólurlagni (64%)						108
Heildareinkunn						111

19-858

NÝR

LURKUR

frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði.

KUBBUR 17-133 frá Melum I, Árneshr.

15-119

STAPI 15-176 ~ STELLA 14-658

STIGI 14-128 ~ 10-451

FMF: SPROTI 12-936; MMF: DOLLI 09-892; FFFF: HNALLUR 12-934



Lýsing: Hvítur kollóttur með stuttan, sveran og fríðan haus. Herðar breiðar og bolurinn sívalur. Bakhöld mjög góð og malir breiðar og holdfylltar. Lærvöðvi mjög kúptur og lokar klofi vel. Faguð og þéttvaxin kind. Einstaklega ljúfur í umgengni. Fótleggur 116 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Svartdröfnóttur á haus en fölgulur á fótum. Gul hár fundust ekki í reyfi. Togið í meðallagi að lengd og grófleika, ull fremur stutt í baki. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Lurkur 19-858 var einn af þremur hrútum sem valinn var fyrir sæðingastöðvarnar að aflokinni afkvæmarannsókn á Heydalsá, á búi Ragnars og Sigríðar haustið 2020. Lurkur er sonur Kubbs 17-133 frá Melum sem hefur verið einn öflugasti gerðarhrúturinn á Heydalsá síðustu ár. Lurkur erfr talsvert af kostum föður síns líkt og fram kom í afkvæmarannsókninni. Lurkssynirnir voru að jafnaði fremur lágfættir og læramiklir en þeir skörtuðu hæsta meðaltali fyrir lærahold. Meðalfallþungi tvílembingshrútanna undan Lurki var 19,7 kg, einkunn fyrir gerð 12,5 og einkunn fyrir fitu 6,3. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 19,7 kg, einkunn fyrir gerð 11,9 og einkunn fyrir fitu 6,9.

Sökum aldurs er Lurkur alls óreyndur sem ærfaðir en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika segir að dætur hans muni verða í meðallagi frjósamar en góðar mjólkuræ.

Móðir Lurks, 15-119, var tvílembd veturgömul, einlembd á öðrum vetri en tvílembd eftir það og hefur 7,7 afurðastig.

Litaerföir: Lurkur er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2019-53-110-32/3,5/4,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-19,0-8,0-8,0-8,5=87,5 stig.

	EGINLEIKI 90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						117
Fita						113
Skrokkgæði (84%)						115
Frjósemi (59%)						98
Mjólkurlagni (59%)						107
Heildareinkunn						107



BETRA FYRIR

**UMHVERFIÐ**

Okkur hjá Norðlenska er annt um umhverfið. Því höfum við nú tekið í notkun nýja og vistvæna pappabakka undir ferskvöru ásamt pappafilmu fyrir upphengjálæg og hamburgara.

Veldu umhverfisvænni valkost frá Norðlenska.



NÝTT



NORÐLENSKA


- VERDI PÉR AÐ GÓDU

17-843

SATÚRNUS

frá Sandfellshaga 2, Öxarfirði.

NÝR



FFF:Tjaldur 11-922; FFMF: Guffi 08-869; FMFF: Hyrnir 03-958;

MFMF:At 06-806; MMMF: Kveikur 05-965



Lýsing: Hvítur, ferhyrndur með stuttan og breiðan haus. Fremur grófur um herðar og svolítið slöður aftan við bóga. Útlögur í meðallagi. Bakhold í meðallagi en holdfylling góð í mölum og lærum. Tignarlegur og vel gerður hrútur. Fótleggur 115 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Fölgulur á haus og fótum en lítið um gul hár í reyfi. Svört doppa á baki. Togið fremur gróft og þelið þykkt. Ullarmagn í góðu meðallagi.

Reynsla: Satúrnus 17-843 var valinn á sæðingastöð sumarið 2020 til að gefa fleiri bændum tækifæri til að eignast ferhyrnda kindur og varðveita þann eiginleika. Jafnframt hefur hann verið úrvals lambafaðir heima í Sandfellshaga 2. Erfðir ferhyrnda eiginleikans stjórnað af ríkjandi geni sem gefur fjögur horn í stað tveggja og nægir að annað foreldranna hafi genið til að eiginleikinn komi fram. Erfyrnt er alltaf sýnilegt og ef kind, undan ferhyrnda foreldri, er ekki ferhyrnd, þá erfir hún afkvæmi sín aldrei að þessum eiginleika. Satúrnus hefur sýnt athyglisverða niðurstöðu sem lambafaðir líkt og BLUP-kynbótamat fyrir gerð sláturlamba sýnir: Haustið 2019 var fallþungi ríflega 100 afkvæma hans 16,2 kg, einkunn fyrir gerð 10,1 og fitu 6,7. Búsmeðaltalið var 16,1 kg, einkunn fyrir gerð 9,3 og fitu 6,6. Hann er því góður lambafaðir og með meiri reynslu í þeim efnum en ferhyrndir forverar hans á sæðingastöðvunum hafa verið. Bakvöðvamælingar afkvæmanna hafa verið á góðu meðaltali búsin.

Fyrstu upplýsingar um dætur Satúrnusar benda til að hann verði góður ærfaðir: Fimmtán veturgamlar dætur áttu 1,4 lömb að jafnaði vorið 2020 sem var heldur yfir búsméðaltali og bær höfðu 5,3 afurðastig að jafnaði í haust.

Móðir Satúrnusar, 13-339, var einlembd veturgömul en síðan tvílembd utan eitt skipti og hefur 5,2 afurðastig.

Lítaerföir: Satúrnus er arfblendinn hvítur, gefur mórâuðan lit og tvílít - gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-44-108-25/2, 1/3,5-8,0-7,5-8,5-7,5-8,5-17,5-8,0-8,0-8,0=81,5 stig.

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							128
Fita							96
Skrokkgæði (98%)							112
Frjósemi (69%)							108
Mjólklagni (65%)							102
Heildareinkunn							107

Heiniger

TIL SÖLU

FJÁR-, KÚA- OG HESTAKLIPPUR

KAMBAR OG HNÍFAR

BRÝNSLUVÉLAR




STILLI HANDFÖNG Á BARKAKLIPPUM BRÝNI KAMBA OG HNÍFA

Guðmundur Hallgrímsson
Túngötu 16 - Hvanneyri - 311 Borgarnes
Sími: 860-7305
gudmundur@vesturland.is



FELDFJÁR
HRÚTUR16-817
LJÚFUR

frá Melhól, Meðallandi.



16-817

Lýsing: Ljúfur er dökkgrár, kollóttur með þróttlegan og svipfríðan haus. Hann er háfættur (130 mm), langvaxinn og hraustlegur en holdfylling hans og bygging minna á löngu liðna tíð hjá íslensku sauðfé, miðað við það sem algengast er að sjá í dag. Ljúfur er líkt og nafnið gefur til kynna mjög gæfur og rólegur hrútur.

Ullarlýsing: Ljúfur er dökkgrár, liturinn nokkuð jafn en þó ljósari við bóga. Togið er fínt, langt, hrokkið og mjög góður gljái á því. Þelið lítið eins og telst til kosta hjá feldfjárhrútu. Ljúfur hefur mjög góða feldeiginleika og var eingöngu valinn á stöð þeirra vegna.

Reynsla: Ljúfur 16-817 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð. Hann hóf feril sinn í Borgarnesi og þá sæddar 73 ær með sæði úr honum. Flestar voru þær á Vesturlandi en nokkur áhugi á feldfjarrækt er að vakna í þeim landshluta. Ljúfur hefur sjálfur mjög góða feldeiginleika og virðist skila þeim vel til afkvæma sinna. Lobbi 09-939 er föðurfaðir hans þannig að það er heppilegra að nota Melkoll 19-859 á dætur Lobba vegna skyldleikans. Best er að nota hreinlitar gráar eða svartar ær til að hefja ræktun feldeiginleika og kostur er að ull þeirra sé þelltil og togið langt og fíngert.

Litaerföir: Ljúfur er arfblendinn grár og gefur því bæði grátt og svart. Hann erfir hvorki mórauðan lit né tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

FORYSTU
HRÚTUR17-816
TORFI

frá Gróustöðum, Gilsfirði.



17-816

Lýsing: Torfi er mögulsóttur, fínhyrndur og ber vaxtarlag sem einkennir gott og eigulegt forystufé. Yfirbragð hans og hátterni sémir í hvívetna slíku fé og byggir val hans, á sæðingastöð til viðhalds og viðgangs íslensks forystufjár, á þeim eiginleikum og kostum sem hann virðist búa yfir. Hegðunarmynstur hans ber þau fágætu einkenni forystufjár sem vænta má, en það mun hvergi þekkt í heiminum nema hérlandis. Eðli þess, að fara fyrir fjárhóp, má vel greina í háttalagi Torfa en á veðurgleggni hans hefur lítið reynt enda heyrir vetrarheit að mestu eða öllu leyti sögunni til. Til þess verður líka að taka að Torfi er ungur að árum en vökult blik augna hans yljár án efa áhugamönnum um ræktun forystufjár um hjartarætur. Torfi er ákaflega athugull, vel vakandi og ljúfur hrútur í allri umgengni. Torfi kemur úr forystufjarræktuninni á Gróustöðum í Gilsfirði en sú ræktun byggir að stórum hluta á forystufé sem Halldór Gunnarsson átti

og ræktaði meðan hann bjó á Gilsfjarðarmúla en hans fé var að hluta ættað frá Harald Jónssyni á Hólmavík. Golsi 09-916 kom úr sömu ræktun og er FMF.Torfa. Að öðru leyti er hann fjarskyldur þeim forystubekrum sem gengið hafa um gólf sæðingastöðvanna undanfarin ár. Í fjórða ætlið kemur þó fyrir Ári 91-969 sem hafði vetursetu á sæðingastöð fyrir 25 árum og kom frá Syðri-Brekkum á Langanesi.

Litaerföir: Undan Torfa geta komið allir litir leyfi móðurætt slíkt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: MMiðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Kjarnfóður og bætiefni fyrir sauðfé



Ærblanda Háprótein

Orkuríkt kjarnfóður með fiskimjöli

Orkuríkt kjarnfóður sem inniheldur 24% prótein og 15% fiskimjöl. Hentar þar sem þörf er á sterku fengiendi.

Fæst í 25 kg smásekkjum og 500 kg stórsekkjum.

Ærblanda LÍF

Fóðurbætir fyrir sauðfé

Hagkvæmur valkostur sem inniheldur 15% prótein og 2% fiskimjöl. Hentar vel með miðlungsgóðum heyjum.

Fæst í 25 kg smásekkjum og 500 kg stórsekkjum.

Sauðfjárfata Líflands

Sérstaklega ætluð íslensku sauðfé og er auðug af nauðsynlegum stein- og snefilefnum



Fatan inniheldur blöndu náttúrulegra andoxunarefna sem minnka álag á frumur þegar efnaskipti eru hröð, t.d á seinnihluta meðgöngu og um burð. Í samspili við E-vítamín og selen hefur andoxunarblandan jákvæð áhrif á frjósemi, heilbrigði og ónæmiskerfi fjárins. Innbyrðis hlutfall kalsíum og fosfórs er einnig til þess fallið að minnka líkur á stoðkerfisvandamálum og doða við burð.

Ærblanda Lífræn

Lífrænt vottað fóður sem inniheldur 16,5% prótein

Er góður kostur sem viðbótarfóður fyrir sauðfé. Hún hentar bændum sem stunda sauðfjárrækt eða frístunda-bændum sem kjósa að fóðra sitt fé á lífrænu fóðri.

Fæst í 20 kg smásekkjum.

Við sendum frítt á næstu stöð Samskipa ef:

- Þú kaupir 1 stórsekk af Ærblöndum og 4 Sauðfjárfötur.
- Þú kaupir 12 smásekki af Ærblöndum og 2 Sauðfjárfötur.

Tilboðið gildir frá 16. nóv. - 31. des. 2020

Hrútar 2020-21, lambhrútaskoðun og kynbótamat 2020

Kynbótamat

Hyrmdir Númer og nafn	Fjöldi	Pungt.	ÖM _V	ÖM _F	Lögun	Félt.	Haus	H+h	B+ftl.	Bak	Malir	Læri	Vll	Fætur	Samr.	Alls	Gerd	Fita	Skrokkgæði	Fjösemi	Mj.lagni	Heild	Stöð 2020-21
13-953 Dreki	53	48,7	31,3	3,1	4,2	109,9	7,9	8,5	8,7	8,8	8,7	17,8	7,8	8,0	8,4	84,6	108	114	111	102	110	108	Fallinn
13-984 Gutti	49	48,5	29,8	3,0	4,1	108,6	8,0	8,3	8,5	8,6	8,5	17,4	7,9	8,0	8,4	83,6	99	102	101	113	115	110	Fallinn
14-800 Bíldur	25	45,2	31,4	3,4	4,3	108,2	8,0	8,4	8,6	8,7	8,4	17,4	7,9	8,0	8,3	83,7	113	99	106	113	103	107	Fallinn
14-801 Spakur	69	49,2	31,2	2,9	4,2	109,4	8,0	8,5	8,8	8,8	8,7	17,8	7,7	8,0	8,3	84,6	114	103	109	106	104	106	Fallinn
14-836 Dólgur																	106	105	106	98	117	107	Borgarnes
14-988 Tvisstur	15	47,7	30,1	2,7	4,1	108,5	8,0	8,3	8,7	8,5	8,8	17,8	7,8	8,0	8,3	84,2	117	112	115	93	96	101	Fallinn
15-990 Mávur	97	48,8	30,8	2,6	4,1	109,0	7,9	8,5	8,7	8,7	8,8	17,8	8,1	8,0	8,4	84,9	114	115	115	101	98	105	Fallinn
15-991 Njörður	2	48,0	32,2	2,4	4,3	111,5	8,0	8,5	8,8	9,0	9,0	18,0	7,8	8,0	8,3	85,4	111	110	111	104	106	107	Fallinn
15-806 Náli	40	49,0	31,3	3,0	4,3	107,7	8,0	8,5	8,8	8,8	8,8	17,8	7,9	8,0	8,6	85,2	106	114	110	110	107	109	Fallinn
15-807 Raxi	34	49,2	31,1	3,3	4,0	106,1	8,0	8,7	8,7	8,8	8,8	17,7	7,7	8,0	8,3	84,7	117	94	106	113	97	105	Fallinn
15-822 Búi	68	49,4	30,8	3,0	4,1	108,0	7,9	8,6	8,8	8,8	8,8	17,8	7,8	8,0	8,4	84,9	110	108	109	111	113	111	Borgarnes
15-823 Hólkur	225	48,7	31,1	3,2	4,2	108,2	7,9	8,5	8,7	8,7	8,7	17,7	7,8	8,0	8,4	84,4	114	103	109	109	106	108	Laugardælar
16-824 Breki	112	50,7	31,4	2,7	4,2	108,9	8,0	8,6	8,8	8,9	8,8	17,8	7,9	8,0	8,4	85,2	112	116	114	99	111	108	Borgarnes
16-825 Glámur	129	49,0	31,6	3,0	4,2	109,3	7,9	8,6	8,7	8,8	8,8	17,8	7,8	8,0	8,4	84,8	121	117	119	115	100	111	Borgarnes
16-826 Heimaklettur	126	48,1	31,8	3,2	4,3	106,9	8,0	8,5	8,7	8,9	8,7	17,7	8,0	8,0	8,5	85,0	113	109	111	105	111	109	Laugardælar
16-827 Mímus	145	47,0	31,9	3,0	4,3	106,8	8,0	8,5	8,7	8,8	8,7	17,8	8,0	8,0	8,4	84,9	114	102	108	104	103	105	Laugardælar
16-828 Mjöllnir	251	49,4	30,7	2,7	4,1	109,4	8,0	8,4	8,6	8,7	8,8	17,9	7,8	7,9	8,4	84,5	117	125	121	118	102	114	Laugardælar
16-829 Stapi	215	48,7	31,9	3,2	4,3	107,7	8,0	8,5	8,7	8,9	8,8	17,8	7,9	8,0	8,4	85,0	114	111	113	104	113	110	Borgarnes
16-830 Svavar	90	47,7	31,0	3,1	4,0	108,9	7,9	8,4	8,6	8,7	8,6	17,4	7,7	8,0	8,4	83,7	105	101	103	105	111	106	Fallinn
16-837 Blossi																	108	107	108	124	117	116	Laugardælar
16-838 Garpur																	114	115	115	106	107	109	Laugardælar
16-839 Kappi																	121	99	110	94	104	103	Laugardælar
16-840 Munninn																	134	107	121	103	101	108	Laugardælar
16-841 Sammi																	112	111	112	111	117	113	Borgarnes
16-994 Durtur	111	48,0	32,2	3,2	4,4	108,3	8,0	8,6	8,7	8,9	8,8	17,7	7,9	8,0	8,4	85,0	124	97	111	97	108	105	Laugardælar
17-808 Drjúgur	73	49,8	30,8	2,9	4,1	107,3	8,0	8,4	8,7	8,7	8,8	17,9	7,9	8,0	8,5	84,9	113	100	107	106	114	109	Fallinn
17-809 Glaepon	183	49,7	32,2	3,2	4,3	108,8	8,0	8,6	8,8	8,9	8,8	17,8	7,7	8,0	8,4	85,0	113	100	107	110	108	108	Borgarnes
17-810 Köggull	100	46,7	32,7	3,1	4,3	109,3	8,0	8,6	8,8	9,0	8,8	17,8	7,8	8,0	8,3	85,1	109	108	109	100	104	104	Fallinn
17-831 Amor	200	48,6	32,3	3,0	4,3	109,0	7,9	8,6	8,8	9,0	8,9	17,9	8,1	8,0	8,4	85,6	120	109	115	106	103	108	Laugardælar
17-832 Bruni	100	48,6	30,4	2,8	4,1	109,1	8,0	8,5	8,8	8,7	8,7	17,7	7,8	8,0	8,4	84,6	110	109	110	102	105	106	Borgarnes
17-842 Börkur																	132	106	119	97	99	105	Laugardælar
17-843 Satúrnus*																	128	96	112	108	102	107	Laugardælar

14-836 DÓLGUR

frá Víðikeri, Bárðardal.

NÝR



MFF: HVELLUR 05-969; FFMF: TRASSI 99-925



Lýsing: Hvítur, gleiðhyrndur með þröttlegan haus. Bringan breið og útlögur góðar. Holdfylling í baki, mölum og lærum góð. Dólgur er bollangur hrútur, mjög gæfur, ákveðinn og ber aldurrinn vel. Fótleggur 123 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og fremur ullarmikill. Togið meðalgróft, þelið mikið og þétt.

Reynsla: Dólgur 14-836 var fenginn á sæðingastöð sumarið 2020 sem góður reyndur kynbótahrútur en helst var horft til góðrar reynslu af dætrum hans og þess að hann er hreinhvítur og getur bætt ullargæði hjá hyrnu fé. Dólgur gefur ekki mikið af lömbum sem falla í hóp þeirra albest gerðu. Í haust var fallþungi afkvæma hans 15,8 kg, einkunn fyrir gerð 8,9 og einkunn fyrir fitu 5,8. Búsmeðaltal í haust var 15,7 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 8,8 og fyrir fitu 5,7. Við túlkun talna skal haft í huga að þarna er lömbum slátrað um 120 daga gömlum að jafnaði en landsmeðaltalið er 140 dagar og gætu því átt einhvern þroska inni.

Fyrstu upplýsingar um dætur Dólgs gefa góð fyrirheit um hann sem ærföður en þær hafa sýnt frjósemi um meðaltal og eru frábærar mjólkuræer en þær höfðu 5,9 afurðastig að jafnaði nú í haust.

Móðir Dólgs, Mjöll 09-991 var frábær afurðæer, ætið tvílembd og hafði 9,9 afurðastig. Hún var felld 10 vetra gömul haustið 2019.

Litaerföir: Dólgur er arfblendinn hvítur, erfir líklega mórauðan lit (eitt lamb), gefur hreinhvít og tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2014-55-112-44/3,3/5,0-8,0-9,0-9,5-10,0-9,5-19,0-9,0-8,0-8,5=90,5 stig.

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð			■				106
Fita			■				105
Skrokkgæði (98%)			■				106
Frjósemi (84%)		■					98
Mjólkurlagni (82%)			■				117
Heildareinkunn			■				107

15-822 BÚI

frá Lækjarvöllum, Bárðardal.



MFF: Þrjónn 07-812, MFFF: Kveikur 05-965



Lýsing: Búi er hvítur, vel hyrndur með gerðarlegan haus. Herðar eru örliði háar en holdfylling góð, útlögur í meðallagi. Bakið breitt, malir þrýðilega holdfylltar og lærahold mjög góð. Lágfættur, langvaxinn og tignarlegur hrútur. Mjög rólegur í umgengi. Fótleggur 118 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Svartar doppur á haus og fótum og gult í reyfi aftan til. Togið stutt, einkum í baki og í meðallagi fint.

Reynsla: Búi 15-822 var tekinn í hóp sæðingastöðvahrúta sumarið 2019 og hefur nú sinn annan vetur á stöðvunum. Hann var valinn á grunni góðrar alhliða reynslu á heimabúi. Þar hafði hann staðið efstur í afkvæmarannsókn á heimahrútum og verið lofandi sem góður ærfaðir. Búi fékk fremur hóflega notkun á síðasta ári en þó voru skoðaðir undan honum um 70 lambhrútar. Útkoma þeirra var að mörgu leyti við meðallag í samanburði við syni annarra stöðvahrúta. Í hópnum var þó að finna úrvalsgóð hrútsefni og fékk sá sonur hans sem hæst var stigaður 90,5 stig.

Nokkur reynsla er komin á dætur Búa og eru þær allar heima á Lækjarvöllum. Þær eru bæði ágætlega frjósamir og góðar mjólkuræer. Nú í haust höfðu þær 5,3 afurðastig að jafnaði.

Búi er spennandi alhliða kynbótahrútur, líkt og BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika segir til um og ætti að vera rakinn kostur fyrir þá sem vilja ná sér í góðar ær með því að nýta sæðingarnar.

Litaerföir: Búi er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórauðan lit né tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2015-44-108-29/2,9/4,0/8,0-8,0-8,5-8,5-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=84,5 stig.

Lambhrútaskoðun 2020

Fjöldi	68
Þungi	49,4
Fótleggur	108,0
Læri	17,8
Ull	7,8
Ómvöðvi	30,8
Ómfita	3,0
Lögun	4,1

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð			■				110
Fita			■				108
Skrokkgæði (98%)			■				109
Frjósemi (82%)		■					111
Mjólkurlagni (81%)			■				113
Heildareinkunn			■				111

16-824

BREKI

frá Skálholtsvík, Hnútafirði.



16-824

Lýsing: Grár, vel hyrndur með svipmikinn haus. Herðar örlítið háar en vel holdfylltar. Bolurinn er sívalur og bakið sterkt. Mala- og lærahold eru góð og eru hans helsti styrkleiki. Fótleggur 120 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Steingrár en grái liturinn misdökkur á búkinn. Ullarmagn er í góðu meðallagi. Togið nokkuð mikið og gróft. Þelið nokkuð jafnt.

Reynsla: Breki 16-824 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð. Hann fékk talsvert mikla notkun síðasta vetur og komu 113 synir hans til dóms nú í haust. Þeir voru áberandi þroskamiklir og voru þyngsti hálfbræðrahópurinn undan hyrndu stöðvahrúttunum. Þeir voru samt sem áður hvorki háfættir né grófgerðir heldur þvert á móti bæði jafnvaxnir og holdþéttir. Af sláturlömbum undan Breka fóru 62% í holdfyllingarflokk E og U, þar af 10,5% í E. Breki gefur litla fitu sbr. BLUP-kynbótamat, en 55% sláturlamba undan honum fóru í fituflokk 2. Fyrsti lambahópurinn úr sæðingum lofar því góðu um Breka sem lambaföður.

Sú reynsla sem komin er á dætur hans á heimaslóðum bendir til þess að þær séu í meðallagi frjósamar en prýðilega mjólkurlagnar. Í haustuppgjöri 2019 í Skálholtsvík eru 16 dætur hans með 5,5 afurðastig að meðaltali.

Breki stenst því vel þær væntingar sem til hans voru gerðar við val á sæðingastöð.

Litaerfðir: Breki er arfblendinn grár, gefur mórautt, tvítt og hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).


Mál og stigun: 2016-57-108-32/4,1/3,5-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,0-8,0-8,0-8,0=85,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2020
Fjöldi	112
Þungi	50,7
Fótleggur	108,9
Læri	17,8
Ull	7,9
Ómvöðvi	31,4
Ómfita	2,7
Lögun	4,2

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							112
Fita							116
Skrokkgæði (99%)							114
Frjósemi (76%)							99
Mjólkurlagni (76%)							111
Heildareinkunn							108

16-825
GLÁMUR

frá Svartárkoti, Bárðardal.



16-825

Lýsing: Gráflekkóttur, vel hyrndur með friðan haus. Herðar eru breiðar og útlögur góðar. Malir eru prýðilega holdfylltar og lærafylling góð. Virkjamikill og falletgur hrútur. Fótleggur 115 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Gráflekkóttur og ullarmikill. Ullin togmikil og togið fremur gróft.

Reynsla: Glámur 16-825 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð. Hann var valinn á stöð sem efnilegur alhliða hrútur og var hann einn af eftirsóttari stöðvahrúttunum sl. vetur. Um 130 synir hans komu til dóms í haust og var þar um búnsa öflugan hóp að ræða. Mikið var af jafnvöxnum hrúttum með góðan bakvöðva og öflug mala- og lærahold. Afkvæmi Gláms sem enduðu í sláturhúsi flokkuðust vel og fóru rúmlega 68% þeirra í holdfyllingarflokk E og U, þar af tæp 19% í E. Aðeins þrjú hyrmdir stöðvahrútar náðu herra hlutfalli sláturlamba í holdfyllingarflokk E.

Sú reynsla sem komin er á dætur Gláms á heimaslóðum gefur til kynna að dætur hans séu mjög frjósamar en misjafnar mjólkurær. Dætur hans heima í Svartárkoti höfðu að jafnaði 4,5 afurðastig í haustuppgjöri 2020. Betri mælikvarði á dætur fæst á næsta ári þegar fyrstu dætur hans úr sæðingum hafa skilað lömbum. Glámur er hins vegar búinn að sanna sig sem prýðilegur lambafaðir.

Litaerfðir: Glámur er arfblendinn grár í A-sæti, hefur erfðavísi fyrir móræðu og einnig tvítt og þar með hreinhvítu.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2016-40-111-30/2,1/4,0-8,0-8,5-8,0-8,5-9,0-18,0-7,5-8,0-8,0=83,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2020
Fjöldi	129
Þungi	49,0
Fótleggur	109,3
Læri	17,8
Ull	7,8
Ómvöðvi	31,6
Ómfita	3,0
Lögun	4,2

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							121
Fita							117
Skrokkgæði (99%)							119
Frjósemi (78%)							115
Mjólkurlagni (77%)							100
Heildareinkunn							111

16-829 STAPI

frá Kirkjubæjarklaustri II, Skaftárh. (Keyptur frá Borgarfelli, Skaftártungu).

BURKNI 13-951 frá Mýrum 2

ÞÝÐA 13-348

BIRKIR 10-893 ~ 08-598

KIDDI 10-518 ~ ÞÚFA 10-144

frá Bjarnastöðum

MFF: PRJÓNINN 07-812; MMF: KÓNGUR 04-829



16-829

Lýsing: Hvítur, finhyrndur með gerðarlegan haus. Herðar eru ávalar og útlögur í meðallagi. Bakið er breitt, malir breiðar, langar og holdfylltar. Lærahöld frábær. Jafnvaxinn, vel gerður hrútur, fagaður að allri gerð. Fótleggur 113 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Fölgulur í hnakka og á fótum. Dröfnur í andliti. Örlítið um gul hár í reyfi, en ekki áberandi. Ullarmagn í góðu meðallagi. Þelið jafnt og þykkt. Togið meðalfint og nokkuð jafnt.

Reynsla: Stapi 16-829 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð. Hann var valinn inn á stöðvarnar eftir afkvæmarannsókn á þeirra vegum, sem haldin var á fæðingarbúi hans, Kirkjubæjarklaustri 2. Hann var mikið notaður síðasta vetur og komu ríflega tvö hundruð synir hans til dóms nú í haust. Þeir voru um meðaltal í vænleika, mjög jafnvaxnir, með þykkun og vel lagaðan bakvöðva og öflugan afturpart. Um 61% af sláturlömbum undan Stapa fóru í holdfyllingarflokk E og U, þar af um 14% í E.

Stapi lofar góðu sem ærfaðir eins og BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur til kynna. Árið 2019 fengu 23 dætur hans á Borgarfelli 5,3 afurðastig að meðaltali og frjósemi jafnframt í góðu lagi. Stapi virðist stefna í að verða góður alhliða kynbótahrútur.

Litaerföir: Stapi er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stígun: 2016-46-104-33/2,7/4,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,5-18,5-7,5-8,0-8,5=86,5 stig.

Lambhrútaskoðun 2020

Fjöldi	215
Þungi	48,7
Fótleggur	107,7
Læri	17,8
Ull	7,9
Ómvöðvi	31,9
Ómfita	3,2
Lögun	4,3

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						114
Fita						111
Skrokkgæði (99%)						113
Frjósemi (86%)						104
Mjólklagni (84%)						113
Heildareinkunn						110

16-841

SAMMI

frá Þóroddsstöðum, Hnútafirði.

SALAMON 10-906 frá Hömrum

TRJÓNA 09-088

KJARKUR 08-840 ~ BOMBA 09-045

BÓSI 08-901 ~ 08-810

frá Ytri-Skógum

MMF: ÞRÁÐUR 06-996; MMMF: LÁSI 02-944; MM: 08-810 ER ALSYSTIR 08-809
MM: KAPPA 16-839

NÝR



16-841

Lýsing: Svartur, með þróttlegan haus en krapphyrndur. Bolur fremur sívalur og bakið breitt. Malir breiðar og langar. Lærahöld góð. Sterklegur hrútur. Fótleggur 118 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Mjög lítið af gráum hárum í reyfi. Togið fremur gróft en falllegur gljái á því. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Sammi 16-841 var valinn til notkunar á sæðingastöð sumarið 2020. Byggðist valið á frammistöðu hans sem afbragðsgóðs alhliða kynbótahrúts heima á Þóroddsstöðum. Á undanförunum árum hefur hann verið einn af betri hrútum búsin og staðið ofarlega í afkvæmarannsóknum, þar sem þykkur bakvöðvi, samhliða lítilli fitu hefur verið aðalsmerki afkvæma. Haustið 2019 var fallþungi afkvæma hans 18,3 kg, einkunn fyrir gerð 10,6 og fitu 5,9. Búsmeðaltalið var 18,0 kg, einkunn fyrir gerð 10,4 og fitu 6,2.

Sammi er jafnframt öflugur ærfaðir líkt og BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika gefur til kynna. Dætur hans höfðu 6,3 afurðastig að jafnaði haustið 2019 en í haust höfðu þær 4,8 afurðastig að jafnaði – því mun hið háa kynbótamat fyrir mjólklagnni lækka lítilega í næsta útreikningi. Þær hafa sýnt góða frjósemi og verið yfir búsméðaltali í fjölda fæddra lamba, en á Þóroddsstöðum fæðast að jafnaði um og yfir tvö lömb á hverja kind.

Móðir Samma, 13-324, var einlembd veturgömul en ætíð tvílembd eftir það og hefur 8,3 afurðastig.

Litaerföir: Sammi er svartur, hefur erfðavisi fyrir tvílit en ekki fyrir mórauðum lit – gefur hrein hvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stígun: 2016-53-106-32/4,0/4,5-8,0-9,0-9,5-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-8,5=86,5 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						112
Fita						111
Skrokkgæði (97%)						112
Frjósemi (81%)						111
Mjólklagni (80%)						117
Heildareinkunn						113

Allt á einum stað í Arion appinu

– enn þægilegri bankþjónusta!

Stofna sparnað

Kaupa tryggingar

Borga reikninga

Millifæra

Frysta kort

Sækja um
greiðslukort

Yfirsýn yfir fjármál

Skipta á milli
notenda

Dreifa greiðslum

Skoða rafræn skjöl

Finna pinnið

Stýra yfirdrætti


Koma í viðskipti

Ef þú ert ekki þegar með Arion
appið getur þú sótt það á
App Store og **Google Play**



17-809 GLÆPON

frá Hesti, Borgarfirði.



MFF: VETUR 12-914; MMFF: GRÁBOTNI 06-833; MMMF: FREYÐIR 07-810



17-809

Lýsing: Hvítur gleiðhyrndur með fingerð horn og fríðan haus. Að upplagi er Glæpon lágfætt, fríð og fingerð holdakind með mikla vöðvasöfnunareiginleika.

Ullarlýsing: Gulur í hnacka og dökkgulur á fótum. Gul hár nokkuð áberandi um allan bolinn. Ullarmagn í meðallagi, togíð stutt og fremur gróft en þelið þykkt og jafnt. Ullarstuttur í baki.

Reynsla: Glæpon 17-809 er nú að hefja sinn þriðja vetur á stöðvunum. Hann fékk mun meiri notkun á síðasta ári en á fyrsta ári sínu á stöð. Nú í haust komu til skoðunar um 190 synir hans en góður þroski er einkenni á afkvæmum hans. Synir Glæpons mældust með þykkun og vel lagaðan bakvöðva og stiguðust vel bæði fyrir framt, malir og læri. Hann er hins vegar ekki kynbótahrútur þegar kemur að ullargæðum og hvítir synir hans eru oft talsvert gulir. Ríflega 56% af sláturlömbum undan Glæpon fóru í holdfyllingarflokk E og U, þar af tæp 12% í E.

Fyrstu dætur Glæpons úr sæðingum báru sl. vor og voru þær prýðilega frjósamar svo kynbótamat hans fyrir frjósemi stökk úr 101 upp í 110. Þær upplýsingar sem komnar eru inn um afurðir þeirra nú í haust vekja góðar vonir um að þær séu jafnframt góðar mjólkuræ: Það virðist því stefna í að Glæpon sé fôðurbetrungr þegar kemur að dætrunum og góður alhlíða kynbótahrútur.

Litaerfðir: Glæpon er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórauðan lit né tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stígun: 2017-42-103-38/2,3/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=87,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2019	2020
Fjöldi	79	183
Þungi	47,8	49,7
Fótleggur	108	108,8
Læri	17,7	17,8
Ull	7,7	7,7
Ómvöðvi	32,2	32,2
Ómfita	3,4	3,2
Lögun	4,3	4,3

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						113
Fita						100
Skrokkgæði (99%)						107
Frjósemi (95%)						110
Mjólkurlagni (93%)						108
Heildareinkunn						108

17-832 BRUNI

frá Sveinungsvík, Pistilfirði.



Þráður 06-996; MMF: Lóði 00-871; MFFF: Bogi 04-814



17-832

Lýsing: Hvítur, krapphyrndur með stuttan haus. Herðar eru ávalar og bolurinn sívalur. Góð holdfylling er í baki og mölum ásamt góðum læraholdum. Snyrtilegur hrútur: Fótleggur 119 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Fölgulur í hnacka og á fótum með örlítið gult í ull, en ekki áberandi. Þelið þykkt og jafnt. Togið fingert og jafnt og ullin falleg.

Reynsla: Bruni 17-832 var tekinn í hóp stöðvahrúta að aflokinni afkvæmarannsókn á Snartarstöðum fyrir úrvalshrúta í Norður-Þingeyjarsýslu haustið 2019. Um 100 lambhrútar undan Bruna voru skoðaðir í haust. Þetta voru fremur þroskamikil gripir. Þeir stiguðust um meðallag samanborið við aðra syni stöðvahrútanna en í hópnum mátti finna úrvalsgóð hrútsefni, þar á meðal hæst stigaða hrútlamb Skagafjarðar.

Frjósemi tveggja vetra dætra Bruna heima í Sveinungsvík var yfir búsméðaltali í vor en veturgamlar systur þeirra á Snartarstöðum sýndu hins vegar frjósemi undir meðallagi. Vel lítur út með mjólkurlagni dætranna, en á báðum búum hafa þær skilað vænum lömbum. Bruni er því áfram líklegur til reynast prýðilegur ærfaðir og álitlegur alhlíða kynbótahrútur.

Litaerfðir: Bruni er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stígun: 2017-49-110-34/1,9/5,0-8,0-8,5-8,5-9,5-9,5-18,5-8,0-8,0-8,5=87,0 stig.


Lambhrútaskoðun	2020
Fjöldi	100
Þungi	48,6
Fótleggur	109,1
Læri	17,7
Ull	7,8
Ómvöðvi	30,4
Ómfita	2,8
Lögun	4,1

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						110
Fita						109
Skrokkgæði (99%)						110
Frjósemi (75%)						102
Mjólkurlagni (72%)						105
Heildareinkunn						106

17-844 VIÐAR

frá Bergsstöðum, Miðfirði.

NÝR



MFF: Prófastur 06-864; FMFF: Gotti 05-804; MMFF: Grábotni 06-833



17-844

Lýsing: Hvítur fínhyrndur með fríðan haus, örlítið grófur um herðar en bringa breið og bolur sívalur. Bakið sterkt, malir breiðar og lærahold einstök. Langvaxinn hrútur sem samsvarar sér vel. Fótleggur 114 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Fölgur á haus og fótum og gul hár áberandi í reyfi, einkum aftan til. Togið fremur fínt og hrúturinn ullarmikill.

Reynsla: Viðar 17-844 bættist í hóp sæðingastöðvahrúta haustið 2020. Hann var einn af þeim álitlegu gripum sem valinn var til prófunar í afkvæmarannsókn fyrir úrvalshrúta í Miðfjarðarhólf, sem haldin var á Efri-Fitjum sl. vetur. Viðar stóð þar uppi sem sigurvegari, en hann hafði hesta heildareinkunn að loknu uppgjöri. Lömbin undan honum reyndust þéttvaxin og bakvöðvaþykkt þeirra var vel yfir meðallagi í rannsókninni og læraholdin afbragðsgóð. Lakasti eiginleiki afkvæmanna er ullin. Meðalfallþungi tvílembingshrútanna undan Viðari var 19,8 kg, einkunn fyrir gerð var 13,2 og einkunn fyrir fitu 7,2. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 19,8 kg, einkunn fyrir gerð 12,2 og einkunn fyrir fitu 6,9.

Viðar á að baki glæsilegan feril sem lambafaðir heima á Bergsstöðum en þar hefur hann staðið efstur hrúta fyrir gerð sláturlamba sl. þrjú haust.

Geysihátt kynbótamat hans fyrir gerð byggir því á talsvert miklum fjölda afkvæma.

BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur góð fyrirheit um Viðar sem ærföður. Veturgamlar dætur hans áttu 1,5 lömb að jafnaði vorið 2020 og tveggja vetra dætur áttu 2 lömb að jafnaði, hvort tveggja heldur yfir búsméðaltali. Þær höfðu síðan 5,2 afurðastig að jafnaði nú í haust. Móðir Viðars, 14-639 er góð afurðaðer en hún var tvílembd veturgömul, hefur síðan verið tvisvar einlembd (sædd í bæði skiptin), einu sinni tvílembd og tvisvar þrílembd.

Hún er með 5,5 afurðastig.

Litaerföir: Viðar er arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-56-104-33/2,3/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,5-19,5-8,0-8,0-8,5=88,0 stig.

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							128
Fita							106
Skrokkgæði (97%)							117
Frjósemi (71%)							102
Mjólklagni (70%)							108
Heildareinkunn							109

18-833 KOFI

frá Hesti, Borgarfirði.



FFF: SALAMON 10-906; FMF: SAUMUR 12-915; MFF: BÓSI 08-901



18-833

Lýsing: Hvítur, krapphyrndur. Herðar eru ávalar og útlögur í meðallagi. Holdfylling í baki, mölum og lærum góð. Kofi er frísklegur hrútur.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum. Gul hár útbreidd í reyfi. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Ullarstuttur og togglíttill. Togið fremur gróft.

Reynsla: Kofi 18-833 er nú að hefja sinn annan vetur á stöð. Hann fékk að ósekju dræmar viðtökur hjá bændum á sínum fyrsta vetri en einnig var hann slakur sæðisgjafi og komu aðeins 42 synir hans til dóms nú í haust. Dómar þeirra gefa til kynna að Kofi skuli ekki vanmeta sem lambaföður. Hann er einn af fjórum hyrndum stöðvahrútum sem eiga syni sem ná 17,9 stigum að meðaltali fyrir læri. Stigun fyrir aðra skrokkhluta er einnig yfir eða á meðaltali afkvæma hyrndu hrútanna. Kofi bætir hins vegar ekki ullargæði hjá afkvæmum sínum. Sextíu dæmdar gimbrar undan Kofa voru þyngsti gimbrahópurinn undan hyrndu stöðvahrúttunum nú í haust. Þær mældust með næst þykkastan bakvöðva af dætrum stöðvahrútanna og eru eini hópurinn sem nær 4,5 í lögum bakvöðva að meðaltali. Þær eru jafnframt eini gimbrahópurinn undan hyrndum stöðvahrúttum sem nær meðaltalinu 17,9 fyrir læri, ásamt dætrum Mávs 15-990. Tæp 72% af sláturlömbum undan Kofa fóru í holdfyllingarflokkka E og U, þar af ríflega 14% í E. Kofi er ekki sá fituleysishrútur sem niðurstöður afkvæmarannsóknar á Hesti haustið 2019 gáfu til kynna, sbr. BLUP-kynbótamat fyrir fitu sem stendur í 110 stigum.

Kofi er öflugri lambafaðir en margir virðast hafa haldið og full ástæða til að hvetja bændur til að prófa hann nú í vetur.

Átta veturgamlar dætur Kofa á Hesti áttu 1,1 lamb að jafnaði nú í vor en búsméðaltal var 1,3 fædd lömb á veturgamla á. Frekari reynsla sker úr um hvernig hann reynist sem ærfaðir en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur góð fyrirheit.

Litaerföir: Kofi er arfblendinn hvítur, gefur móratt en ekki tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).


Mál og stigun: 2018-48-110-32/1,6/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-8,5-17,5-7,5-8,0-8,5=84,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2020
Fjöldi	42
Þungi	48,5
Fótleggur	107,8
Læri	17,9
Ull	7,7
Ómvöðvi	31,8
Ómfita	2,8
Lögun	4,2

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							116
Fita							110
Skrokkgæði (97%)							113
Frjósemi (74%)							103
Mjólklagni (69%)							107
Heildareinkunn							108

18-835 VÖLLUR

frá Snartarstöðum, Núpasveit.



18-835

Lýsing: Hvítur, vel hyrndur með friðan haus. Herðar eru breiðar, bolur sívalur og útlögur miklar. Bakhold góð, malir langar og holdfylltar. Lærvöðvi vel lagaður og lokar klofi vel. Fótleggur 122 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Örlítið gult í hnakka. Gul hár fundust ekki í reyfi. Ullarmagn í góðu meðallagi. Togið fremur fínt og jafnt. Þelið þykkt og jafnt.

Reynsla: Völlur 18-835 var valinn fyrir sæðingastöðvarnar haustið 2019. Þá hafði hann tekið þátt í afkvæmarannsókn úrvalshrúta í Norður-Pingeyjarsýslu sem fram fór á Snartarstöðum. Völlur fékk glimrandi útkomu úr afkvæmarannsókninni og veitti föður sínum, Amori 17-831 harða samkeppni. Góð reynsla hefur fengist á Völl í gegnum sæðingarnar en hann var mest notaði hrútur stöðvanna sl. vetur. Lömb undan honum komu almennt vel út úr skoðunum í haust og mikið var af ágætum hrútsefnum í afkvæmahópnum. Tæp 66% af sláturlömbum undan Velli fóru í holdfyllingarflokk A og U, þar af 19% í E.

Fyrstu niðurstöður fyrir dætur Vallar gefa fyrirheit um að hann verði góður ærfaðir. Veturgömlu ærnar voru yfir búsméðaltali í frjósemi og meðal afurðastig 6 dætra hans á Snartarstöðum var 5,8. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er Völlur líklegur til að verða farsæll og öflugur alhliða kynbótahrútur.

Litaerföir: Völlur er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2018-52-109-35/2,7/5,0-8,0-9,0-9,5-9,0-8,5-18,0-8,0-8,0-8,5=86,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2020
Fjöldi	226
Þungi	48,6
Fótleggur	109,0
Læri	17,8
Ull	7,9
Ómvöðvi	31,5
Ómfita	2,8
Lögun	4,3

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						119
Fita						106
Skrokkgæði (99%)						113
Frjósemi (80%)						104
Mjólkurlagni (75%)						107
Heildareinkunn						108

18-845 GLÓINN

frá Stóra-Vatnshorni, Haukadal.

NÝR



18-845

Lýsing: Hvítur, finhyrndur en hornalag frekar krappt. Holdfylling um háls og herðar góð. Bringa breið og framparturinn sívalur. Holdfylling í baki góð. Malir mjög breiðar og lærahold frábær. Glæsilegur hrútur. Fótleggur 116 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og ullarmagn í meðallagi. Togið fremur fínt og ullin mjúk og glansandi. Ull góð.

Reynsla: Glóinn 18-845 (áður Muninn) var valinn á sæðingastöð haustið 2020 að lokinni afkvæmarannsókn á Hesti í Borgarfirði. Við val hans var þó ekki síður horft til glæsilegra niðurstaðna heima á Stóra-Vatnshorni en haustið 2019 var fallþungi afkvæma hans 18,9 kg að jafnaði, einkunn fyrir gerð 12,3 og einkunn fyrir fitu 6,2. Búsméðaltal sama haust var 18,5 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 10,3 og fitu 6,6. Jafnframt sýndu afkvæmi hans mikla yfirburði við mat lifandi lamba. Glóinn sýndi góða niðurstöðu í afkvæmarannsókninni á Hesti í haust en afkvæmi hans voru fá í fyrstu slárun og því ekki marktæk í samanburði við aðra hópa. Fleki 16-006 faðir hans var í afkvæmarannsókn á Stóra-Vatnshorni haustið 2018 og hefði valist á sæðingastöð hefði honum enst aldur til, en hann var einn fjölmargra sona Dúdda 14-699 sem stóð efstur í heildareinkunn eftir allar afkvæmarannsóknir á landinu haustið 2016 og á afkomendur á mörgum búum í Miðdölum. Dúddi kom úr ræktun Helga Mús Ólafssonar á Ósi í Hvalfjarðarsveit.

Lítill reynsla er enn fengin af dætrum Glóins en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika segir þær um meðaltal í frjósemi og mjólkurlagni. Veturgamlar dætur hans á Stóra-Vatnshorni sýndu frjósemi aðeins undir búsméðaltali vorið 2020 og höfðu 5,2 afurðastig að jafnaði nú í haust. Margar gimbrar voru valdar til lífs undan honum í haust og því fæst betra mat á eiginleika dætra hans næsta haust.

Móðir Glóins, 15-582 var einlembd veturgömul og síðan þrisvar tvílembd og þrílembd nú í vor með 4,3 afurðastig.

Litaerföir: Glóinn er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2018-45-108-32/2,6/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-9,0-8,0-8,5=87,5 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						128
Fita						111
Skrokkgæði (96%)						120
Frjósemi (69%)						101
Mjólkurlagni (65%)						97
Heildareinkunn						106



Vélfang ehf. selur og þjónustar jafnt nýjar sem notaðar vélar og tæki fyrir landbúnað, verktaka, golfvelli og sveitarfélög ásamt varahluta- og viðgerðarþjónustu.

FENDT



Fer fremstur

CLAAS



Fjölskyldufyrirtæki í fararbroddi



Leiðandi afl í 190 ár

Kverneland



Framtíðarsýn í landbúnaði

Framúrskarandi þjónusta við viðskiptavinum

Schäffer



Styrkur - afköst- skilvirkni

JCB



Nýsköpun - metnaður - framsækni

19-848 GLITNIR

frá Efri-Fitjum, Fitjárdal.

NÝR



Lýsing: Hvítur fínhyrndur með fríðan haus. Bolur sívalur og feiknagóð holdfylling í baki og á mölum. Lærahöld frábær. Jafnvaxinn og fallægur hrútur. Fótleggur 122 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og ullarmagn í meðallagi. Togið hrokkið og fint en þelið fremur lítið. Ull góð.

Reynsla: Glitnir 19-848 var valinn til notkunar á sæðingastöð haustið 2020 á grunni afkvæmarannsóknar fyrir úrvalshrúta í Miðfjarðarhólfi, sem fram fór á Efri-Fitjum. Styrkleiki Glitnis liggur öðru fremur í öflugum mala- og lærahöldum samhliða miklum vænleika afkvæmanna. Bakvöðvi sona hans var í meðallagi þykkur en þeir stiguðust að meðaltali hæst allra fyrir læri. Sláturlömbin flokkuðust ákaflega vel, en það var aðeins Viðar 17-844 frá Bergsstöðum sem fékk hærri einkunn fyrir gerð. Meðalfallþungi tvílembingshrútanna undan Glitni var 20,7 kg, einkunn fyrir gerð 13,0 og einkunn fyrir fitu 6,9. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 19,8 kg, einkunn fyrir gerð 12,2 og einkunn fyrir fitu 6,9.

Að baki Glitni standa öflugir gripir en faðir hans, Baukur 15-018 frá Efri-Fitjum, hefur verið til heimilis á Urriðaá og staðið sig frábærlega sem einn af bestu kynbótahrútum búans undanfarin ár.

Engin reynsla er komin á dætur Glitnis en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur til kynna að þær verði bæði frjósamar og góðar afurðazær.

Móðir Glitnis, Perla 14-020 er öflug afurðazær. Hún var tvílembd veturgömul og eftir það hefur hún einu sinni verið einlembd, einu sinni tvílembd og þrisvar sinnum þrílembd. Hún er með 7,9 afurðastig.

Litaerfðir: Glitnir er arfblendinn hvítur, erfir ekki mórætt en gefur tvítt og hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2019-51-110-38/3,3/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-19,5-8,5-8,0-8,5=89,0 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						118
Fita						113
Skrokkgæði (89%)						116
Frjósemi (63%)						107
Mjólurlagni (63%)						108
Heildareinkunn						110

19-849 KOSTUR

frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum.

NÝR



Lýsing: Hvítur, fínhyrndur með vanin horn. Hausinn stuttur og sver. Herðar holdgrónar og bolurinn mjög víður og sívalur. Bak holdgróið. Lærvöðvi kúptur og lokar klofi vel. Samanrekinn holdahnaus. Fótleggur 112 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, dindli og á fótum. Gul hár nokkuð áberandi í reyfi, einkum aftan til. Togið fint og mjög hrokkið. Fremur ullarmikill hrútur.

Reynsla: Kostur 19-849 var falaður fyrir stöðvarnar þegar niðurstöður afkvæmarannsóknar í Ytri-Skógum lágu fyrir nú í haust. Kostur sýndi þar afgerandi yfirburði í kjötmatshlutunum en hálfbróðir hans að föðurnum veitti honum harða samkeppni í mati á lifandi lömbum og hafði raunar betur þar að sumu leyti. Meðalfallþungi sláturlamba undan Kosti var 17,8 kg, einkunn fyrir gerð 12,3 og fyrir fitu 6,4. Meðaltal rannsóknarinnar, fallþungi 17,8 kg, einkunn fyrir gerð 10,6 og fitu 6,2. Kostur virðist vera mjög sterkur lambafaðir. Rétt er að benda á að Kostur er annar tveggja hrúta á stöðvunum nú í vetur sem erfir afkvæmi sín að lítið næmri arfgerð gagnvart riðu.

Móðir Kosti, Völ 12-868 varð 7 vetra gömul, tvílembd veturgömul og alltaf síðan, utan einu sinni einlembd og hafði 6,7 afurðastig.

Litaerfðir: Kostur er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Lítið næm arfgerð (AHQ//ARQ).

Mál og stigun: 2019-49-109-36/3,5/5,0-8,0-9,5-9,0-9,5-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=87,5 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						137
Fita						95
Skrokkgæði (88%)						116
Frjósemi (59%)						106
Mjólurlagni (58%)						103
Heildareinkunn						108

15-850 VÖTTUR

frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi.

NÝR



15-850

Lýsing: Móflekkóttur kollóttur. Haus þykkur og svipmikill. Herðar aðeins háar og útlögur í meðallagi. Bakið breitt og sterkt. Holdfylling á mölum og í lærum ágæt. Langvaxin og sterkleg kind. Höfðinglegur og geðgóður hrútur. Fótleggur 125 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Ullarmagn í meðallagi. Togið fremur gróft, þelið í þynnra lagi og ullin stutt í baki.

Reynsla: Vöttur 15-850 var fenginn á sæðingastöð sumarið 2020. Hann virðist vera öflugur ærfaðir og afkvæmi hans hafa sýnt talsverða yfirburði í vænleika ár eftir ár á Hjarðarfelli. Vöttur getur gefið alla liti sem hafði áhrif á val hans. Vöttur tók þátt í afkvæmarannsóknum á Hjarðarfelli árin 2016-2018. Öll árin sýndi hann mikla yfirburði í fallþunga lamba og gerð þeirra var um eða yfir meðaltali ár hvert. Þykkt bakvöðva afkvæma hans var öll árin undir meðaltali en holdfylling góð að öðru leyti. Minnir þetta nokkuð á niðurstöður hálfstykina hans á sínum tíma, afkvæma Hattar 09-887 frá Húsavík. Í afkvæmarannsókn á Hjarðarfelli árið 2017 var fallþungi sláturlamba undan Vetti 18,6 kg, einkunn fyrir gerð 9,5 og fitu 6,7. Meðaltal rannsóknarinnar þetta árið var 16,9 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 9,1 og fitu 6,3.

Nokkur reynsla er fengin á dætur Vattar en þær hafa sýnt frjósemi svolítið yfir meðallagi og eru góðar mjólkurær en 15 dætur hans höfðu 5,7 afurðastig að jafnaði í haustuppgjöri 2019.

Móðir Vattar, 08-803, varð 10 vetra gömul. Hún lét fangi veturgömul en var síðan sjö sinnum tvílembd, einu sinni einlembd og einu sinni þrílembd. Hún skilaði öllum sínum lömbum til nytja og flestöll lömbin undan henni voru valin til lífs á heimabúi eða seld á önnur bú. Hún hafði 9,4 afurðastig.

Litaerföir: Vöttur gefur alla grunnliti, leyfi móðurætt það, gefur tvílit og hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2015-55-112-30/3,5/4,0-8,0-8,5-8,0-9,0-8,5-17,5-7,5-8,0-9,0=84,0 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð		█				101
Fita		█				112
Skrokkgæði (98%)		█				107
Frjósemi (86%)		█				107
Mjólklagni (85%)		█				112
Heildareinkunn		█				109

16-820 VIDDI

frá Fremri-Gufudal, Gufudalssveit.



16-820

Lýsing: Hvítur, kollóttur með góða holdfyllingu að framan, ávalar herðar og útlögur í meðallagi. Bak er sterkt og mala- og lærahold mjög góð. Fótleggur 119 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Hreinhvítur, ullarmagn í meðallagi. Togið mjög gróft og strítt og þelið í minna lagi.

Reynsla: Viddi 16-820 er að hefja sinn annan vetur á stöðvunum. Hann fékk talsvert mikla notkun á sínu fyrsta ári og 112 synir hans komu til dóms í haust. Þeir voru að jafnaði vænir og vel gerðir en bakvöðvi var þynnri í afkvæmum hans en annarra kollótttra sæðishrúta. Margir sona Vidda voru hreinhvítir og talsvert þar af álitlegum ásetningshrútum. Þau afkvæmi Vidda sem enduðu í sláturhúsi skárust vel og fór um 62% þeirra í holdfyllingarflokkka E og U, þar af rúm 9% í E.

Viddi stendur prýðilega í kynbótamati fyrir dætraeiginleika og þessi fyrsti lambahópur út um allt land styður vel valið á honum sem alhliða góðum kynbótarhrút fyrir kollótta stofninn.

Litaerföir: Viddi er arblendinn hvítur, gefur mórætt og tvílit, gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2016-57-103-29/5,1/4,0-8,0-8,0-8,0-8,5-9,0-19,0-8,5-8,0-9,0=86,0 stig.

Lambhrútaskoðun 2020

Fjöldi	112
Þungi	49,9
Fótleggur	108,9
Læri	17,8
Ull	8,3
Ómvöðvi	29,8
Ómfita	3,3
Lögun	4,1

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð		█				106
Fita		█				114
Skrokkgæði (99%)		█				110
Frjósemi (80%)		█				116
Mjólklagni (78%)		█				112
Heildareinkunn		█				113

17-814 GUÐNI

frá Miðdalsgröf, Steingrímsfirði.

GLÆSIR 16-081 frá Broddanesi I

14-100

SVALI 14-071 ~ 14-546

BADDI 13-330 ~ 11-884



Lýsing: Hvítur kollóttur með fríðan og ræktarlegan haus. Herðar eru frábærlega holdfylltar og breiðar, útlögur miklar og bringa breið. Bakið er breitt og sérstaklega holdfyllt. Malir ákaflega breiðar og holdfylltar. Lærahöldin eru algjört úrvall. Eilítil skekkja er í vinstri afturfæti. Einstakur glæsigripur og metfé að gerð.

Ullarlýsing: Guðni er örlítið gulur í hnacka og á fótum en gul hár fundust ekki í reyfi. Hann er ullarmikil með fremur stutt og fingert tog sem er hrokkið ofan til. Þelið er þykkt og mikið.

Reynsla: Guðni 17-814 er að hefja sinn þriðja vetur á stöðvunum. Hann fékk talsvert mikla notkun á sínum fyrsta vetri en minni notkun sl. vetur. Nú í haust komu 47 synir hans til dóms. Miðað við syni annarra kollótttra hrúta á stöðvunum var vænleiki þeirra í tæpu meðallagi, þykkt bakvöðvans ein sú mesta en fita á baki nokkuð yfir meðallagi. Synir Guðna stiguðust mjög vel að jafnaði og það sem einkennir þá er víður frampartur, sterkt og holdfyllt bak og frábær lærahold. Þeir eru með 18,0 stig að meðaltali fyrir læri og aðeins synir Fálka 17-821 stiguðust hærra fyrir þann eiginleika meðal sona allra stöðvahrúta. Tæplega 63% af sláturlömbum undan Guðna fóru í holdfyllingar-flokka E og U, þar af tæp 9% í E. Sem lambafaðir er Guðni öflugur kynbótahrútur.

Kynbótamat fyrir frjósemi dætra lækkaði aðeins þegar vorupplýsingar 2020 lágu fyrir og stendur nú í 98 stigum. Fyrstu dætur Guðna tilkomnar við sæðingar eru að skila sínu fyrsta afurðarári nú í haust og bendir allt til þess að þær séu mjólkurlagnar líkt og kynbótamat hans gefur til kynna.

Litaerfðir: Guðni er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-51-109-42/3,5/5,0-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,5-8,0-7,5-8,5=87,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2019	2020
Fjöldi	119	46
Þungi	48,7	49,8
Fótleggur	109	110,0
Læri	17,9	18,0
Ull	8,0	8,0
Ómvöðvi	30,7	31,4
Ómfita	3,3	3,6
Lögur	4,3	4,3

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						112
Fita						103
Skrokkgæði (99%)						108
Frjósemi (93%)						98
Mjólkurlagni (90%)						106
Heildareinkunn						104

17-853 ÞOKKI

frá Lundi, Völlum.

EBITI 13-971 frá Melum I

14-352

BITI 12-768 ~ RISPA 10-358

GRÁNI 12-199 ~ 11-022

MMF: Vöðvi 06-820; MFFF: Skrauti 07-826

NÝR



Lýsing: Hvítur kollóttur með sveran og fríðan haus. Breiður um herðar og útlögumikill. Bakið breitt og holdgróið. Malir langar og breiðar. Lærahold frábær. Reffilegur hrútur, bæði langur og breiðvaxinn. Fótleggur 121 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Hvítur, aðeins svartdröfnóttur á haus og eyrum. Hvorki svört né gul hár fundust í reyfi. Togið hrokkið og meðalgróft, þelið þykkt. Fremur ullarmikill.

Reynsla: Þokki 17-853 var valinn á sæðingastöð sumarið 2020 vegna jákvæðrar reynslu af honum sem lambafaður heima á Lundi. Búið á Lundi hefur um árabíl verið eitt af afurðahæstu sauðfjárþúum landsins enda fer þar saman ákaflega góð fjármennska og virk þátttaka í sameiginlegu ræktunarstarfi. Afkvæmi Þokka hafa sýnt mikið útslag í gerð samhliða góðum vænleika en haustið 2019 var fallþungi 53 sláturlamba hans 20,6 kg að jafnaði, einkunn fyrir gerð 11,5 og fyrir fitu 8,4. Búsmeðaltal sama haust var 19,7 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 9,7 og fitu 7,8.

Lítil reynsla er enn fengin af dætrum Þokka en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika segir að þær verði frjósamar um meðallag og úrvalsgóðar mjólkurær.

Átta veturgamlar dætur hans áttu allar lömb vorið 2020, ein var tvílembd og tvær tveggja vetra dætur voru báðar tvílembdar. Frekari reynsla af dætrum mun svo varpa ljósi á hvar Þokki stendur nákvæmlega fyrir þá eiginleika.

Móðir Þokka, 14-352 var einlembd veturgömul og alltaf tvílembd eftir það með 7,3 afurðastig.

Litaerfðir: Þokki er arfblendinn hvítur, gefur tvílitt og hreinhvítt en ekki mórautt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-63-106-31/3,7/5,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,0-9,0-8,0-9,0=88,0 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						126
Fita						100
Skrokkgæði (95%)						113
Frjósemi (67%)						97
Mjólkurlagni (67%)						116
Heildareinkunn						109



KERRUR OG VARAHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI



Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

18-854 SVÖRÐUR

frá Hesti, Borgarfirði.

NÝR



18-854

Lýsing: Hvítur, kollóttur með þröttlegan haus. Hálsinn stuttur og sver. Herðar breiðar og útlögur miklar. Bakið breitt og sterkt. Malir breiðar og lærahold góð. Bollangur glæsigripur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og ullarmagn í meðallagi. Togið langt og fremur gróft en þelið frekar þunnt.

Reynsla: Svörður 18-854 var fenginn á sæðingastöð haustið 2020 sem athyglisverður lambafaðir á Hesti. Á Hesti eru enn nokkrar kollóttar kindur sem eiga ættir sínar að rekja til kinda sem þangað voru fluttar á árunum 1989 og 1990 þegar hætt var með ullarkynbótabúið á Reykhólum en í 8. ætlið Svarðar má finna grip sem kom frá Reykhólum að Hesti. Hvort Svörður stendur fyrir þeim ullargæðum sem einkenndu Reykhólaféð á sínum tíma skal ósagt látið. Síðast var kollóttur hrútur frá Hesti (Reki 89-925) á sæðingastöð veturinn 1991-1992.

Svörður átti á Hesti 43 sláturlömb haustið 2019 og var fallþungi þeirra 17,5 kg að jafnaði, einkunn fyrir gerð 9,9 og fitu 5,1. Búsmeðaltal sama ár var 16,7 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 10,0 og fyrir fitu 5,4. Niðurstöður fyrir haustið 2020 eru áþekkar.

Sökum aldurs er lítil reynsla komin á dætur Svarðar en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur fyrirheit um að dætur hans verði bæði frjósamar og góðar mjólkuræ.

Móðir Svarðar, 14-905 var einlembd veturgömul og tvílembd eftir það utan eitt skipti (Svörður er fæddur einlembingur) með 5,8 afurðastig.

Litaerföir: Svörður er arfblendinn hvítur, gefur mórault, tvílitt og hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2018-54-111-31/2,7/4,0-8,0-8,5-8,5-8,5-9,0-18,0-8,5-8,0-9,0=86,0 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð		■				103
Fita		■	■			110
Skrokkgæði (93%)		■	■			107
Frjósemi (68%)			■	■		113
Mjólklagni (66%)			■	■		113
Heildareinkunn			■	■		111

18-855 TÓN

frá Melum I, Árneshreppi.

NÝR



18-855

Lýsing: Hvítur, kollóttur með stuttan og þröttlegan haus. Holdgróinn um herðar og útlögumikill. Bakið breitt og holdfyllt. Mala- og lærahold mjög öflug. Jafnvaxinn og bollangur glæsirhútur. Fótleggur 117 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið langt og hrokkið. Ullarmikill með glansandi og fallega ull.

Reynsla: Tónn 18-855 kom á sæðingastöð sumarið 2020. Val hans byggir á ákaflega góðum niðurstöðum sem hann fékk í afkvæmarannsókn fyrir úrvalshrúta sem haldin var á Melum haustið 2019. Úr þeirri afkvæmarannsókn voru valdir á sæðingastöð þeir Fálki 17-821 og Bliki 16-819. Tónn velgdi þeim vel undir uggu og endaði næsthæstur að heildarstigum í rannsókninni. Meðalfallþungi afkvæma hans þá var 19,2 kg, einkunn fyrir gerð 11,7 og einkunn fyrir fitu 7,1. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 18,9 kg, einkunn fyrir gerð 10,9 og einkunn fyrir fitu 6,6. Tónn var notaður á stóran hóp áa sl. vetur og fékk prýðilegar niðurstöður aftur í haust.

Lítill reynsla er komin á Tón sem ærföður en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur góð fyrirheit. Þrjár veturgamlar dætur hans báru vorið 2020, tvær tvílembdar og ein einlembd. Þær skiluðu góðum lömbum í haust.

Móðir Tóns, Kolfinna 14-825 var einlembd veturgömul og síðan ætíð tvílembd með 5,5 afurðastig. Meðaleinkunn hennar fyrir gerð sláturlamba er 12,9 eftir 8 lömb.

Litaerföir: Tónn er arfblendinn hvítur, gefur mórault, tvílitt og hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).


Mál og stigun: 2018-49-110-32/4,1/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-9,0-8,0-9,0=88,0 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð		■	■	■		122
Fita		■				96
Skrokkgæði (94%)		■	■			109
Frjósemi (58%)			■			101
Mjólklagni (57%)			■	■		110
Heildareinkunn			■	■		107

19-857 FENNIR

frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði.

NÝR



Lýsing: Hvítur, smáörðóttur með fríðan haus. Herðar breiðar og bolurinn sívalur. Bakið breitt og malirnar einstaklega breiðar og holdfylltar. Lærahold ákaflega góð. Fremur langvaxinn hrútur með mjög öflugan afturpart. Fótleggur 115 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og fremur ullarmikill. Togið langt og slétt og þelið þykkt.

Reynsla: Fennir 19-857 var í hópi þeirra þriggja hrúta sem fenginn var á sæðingastöð haustið 2020 að lokinni afkvæmarannsókn fyrir úrvaxshrúta, sem fram fór á Heydalsá 1. Fennir átti prýðileg lömb í líflambaskoðuninni, sérstaklega í gimbrahópnum. Styrkleiki hans í afkvæmarannsókninni lá í frábærri flokkun sláturlambanna. Meðalfallþungi tvílembingshrútanna undan honum var 20,5 kg, einkunn fyrir gerð 13,0 og einkunn fyrir fitu 7,1. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 19,7 kg, einkunn fyrir gerð 11,9 og einkunn fyrir fitu 6,9. Fennir er því verðugur arftaki föður síns, Blika 16-819, sem entist ekki aldur til langframa á sæðingastöðvunum.

Sökum aldurs er Fennir alls óreyndur sem ærfaðir en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika segir dætur hans um meðaltal hvað varðar frjósemi en góðar mjólkurær. Fennir á allmargar lífgimbrar á Heydalsá og bæði faðir hans og móðurfaðir hafa skilað góðum afurðaám. Vonir standa til að Fennir skili þeim eiginleika áfram til dætra sinna.

Móðir Fennis, 15-130, er fyrirtaksgóð afurðarær. Hún hefur einu sinni verið þrilembd en annars tvílembd með 7,7 afurðastig.

Litaerfðir: Fennir er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvitt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2019-52-105-33/3,7/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-9,0-8,0-8,5=87,5 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						123
Fita						104
Skrokkgæði (84%)						114
Frjósemi (63%)						99
Mjólkurlagni (63%)						108
Heildareinkunn						107

Dómar hrútlamba undan sæðingahrútum

Yfirlit yfir helstu meðaltöl hvers árs frá 2003

Ár	Fjöldi hrútlamba	Meðalþungi	Ómv.	Ómf.	Lögun	Læri	Stig alls
2003	4.955	48,0	27,6	3,2	3,7	16,8	81,7
2004	4.909	47,2	27,8	3,3	3,8	17,0	82,2
2005	5.598	47,4	27,7	3,2	3,7	17,1	82,2
2006	5.522	47,1	27,9	3,0	3,8	17,1	82,2
2007	5.493	46,6	28,5	2,9	3,9	17,2	82,6
2008	4.602	47,3	29,1	2,9	4,1	17,2	82,7
2009	5.712	47,7	29,0	2,9	4,0	17,4	83,0
2010	6.266	47,0	29,1	2,7	4,1	17,4	83,1
2011	6.027	47,1	29,1	2,9	4,1	17,4	83,2
2012	6.076	48,0	29,4	3,0	4,1	17,5	83,4
2013	6.485	46,9	28,7	2,8	4,0	17,4	83,1
2014	6.326	47,3	29,6	2,9	4,1	17,5	83,6
2015	5.425	46,9	29,8	3,0	4,0	17,5	84,0
2016	5.196	48,1	30,6	3,1	4,1	17,7	84,2
2017	4.690	48,2	30,4	3,1	4,1	17,7	84,3
2018	3.826	48,7	30,7	3,1	4,2	17,7	84,7
2019	3.843	48,3	30,7	3,1	4,2	17,8	84,8
2020	3.652	48,9	31,4	3,1	4,2	17,8	84,9

FELDFJÁR HRÚTUR

18-859

MELKOLLUR

frá Hárlaugsstöðum 2, Ásahreppi.

NÝR



18-859

Lýsing: Dökkgrár, öngulhyrndur. Herðar sæmilega breiðar og jafnar og útlögur góðar. Mala- og lærahold í meðallagi. Bollengd góð og hrúturinn hraustlegur.

Ullarlýsing: Grár, liturinn ljósari aftan til. Togið langt, hrokkið og fremur fint. Góður gljai á ullinni. Ullarmikill.

Reynsla: Melkollur 18-859 var tekinn á stöð nú í sumar til áframhaldandi viðhalds og dreifingar á feldeiginleikum. Þó Melkollur sé ekki nema að ¾ af feldfjárættum hefur hann skilað góðum feldeiginleikum til afkvæma sinni heima á Hárlaugsstöðum. Rétt er að benda á, að hann er fjarskyldur feldhrútnum Lobba 09-939 og Ljúf 16-817. Best er að nota hreinlitar gráar eða svartar ær til að hefja ræktun feldeiginleika og kostur er að ull þeirra sé þellitil og togið langt og fingert.

Móðir Melkolls, Ferukolla 15-004 var tvílembd veturgömul og síðan tvisvar einlembd og tvisvar tvílembd og hefur 3,3 afurðastig. Afurðastig byggjast alfarið á samanburði innan hjarðar út frá þyngd dilka og er í hennar tilfelli e.t.v. ekki alveg sanngjarn samanburður. Hún hefur auk þess alltaf fengið við feldhrúti. Móðir hennar Toppa 07-010 var grá, ferukollótt og ekki af feldfjárættum úr V-Skaft. Melkollur er ekki ferukollóttur og afkvæmi hans erfa ekki það útlit.

Litaerfðir: Melkollur er arfblendinn grár í A-sæti en erfir hvorki mórauðan lit né tvilit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).


FORYSTU HRÚTUR

16-860

KJARTAN

frá Gunnarsstöðum 1, Þistilfirði.

NÝR



16-860

Lýsing: Kjartan er móarnhöfðóttur (móglæsóttur), fremur krapphyrndur, stór, háreistur og höfðinglegur eins og forystuhrúti ber. Hann er sérstaklega athugull og fylgist vel með öllu í kringum sig. Í umgengni er hann til fyrirmyndar og stendur kyrr sé tekið í horn. Að Kjartani standa rótgrónar ættir forystufjár frá mörgum bæjum í Norður-Þingeyjarsýslu og er hann því góður valkostur til viðhalds þeim einstaka eiginleika sem forystueðlið er og forystuféð í landinu geymir. Strumpur 14-815 faðir Kjartans féll frá eftir aðeins einn vetur á sæðingastöð (var á Suðurlandi 2018-2019). Hann var fremur fjarskyldur fyrri forystuhrútnum stöðvanna en í ættartré hans eru Póstur 07-828 (FFF), Geri

03-986 (FMMF) og Biskup 96-822 (MFMF). Móðir Kjartans, 11-175 er svört að lit og mjög fjarskyld fyrri forystuhrútnum stöðvanna en Biskup 96-822 er MFMF hennar og Skúmur 01-885 MFFFF. Ekki var hleypt til hennar gemlingsárið en síðan hefur hún alltaf verið tvílembd utan einu sinni þrílembd.

Litaerfðir: Undan Kjartani geta komið allir litir leyfi móðurætt slíkt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

AFKVÆMARANNSÓKNIR VEGNA SÆÐINGASTÖÐVANNA 2020

EYÞÓR EINARSSON

Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna þjóna mikilvægu hlutverki í því að tryggja sæðingastöðvunum sem besta lambafeður. Líklega hefur umfang þessara afkvæmarannsókna aldrei verið meira en veturinn 2019 til 2020 en þær fóru fram á átta stöðum á landinu. Aðkomuhrútar sem valdir voru til prófunar voru 17 talsins. Út úr þessu starfi völdust 10 úrvalsgripir inn á stöðvarnar í haust og standa nú bændum til boða í gegnum sæðingar. Hrutunum eru gerð ítarleg skil hér í skránni en síðan verða heildarniðurstöður úr afkvæmarannsóknunum aðgengilegar á vef RML. Þakkir eru færðar þeim bændum sem lánuðu gripi til prófunar og þeim sem komu að framkvæmd afkvæmarannsókna fyrir framlag sitt til ræktunarstarfsins. Hér verður gefið yfirlit yfir þessar afkvæmarannsóknir.

HESTUR, BORGARFIRÐI

Á Hesti voru lambhrútarnir afkvæmaprófaðir að venju. Tveir áhugaverðir garpar voru fengnir að til prófunar og hafðir með í afkvæmarannsókninni. Það voru þeir Börkur 17-842 frá Kjalvararstöðum og Glóinn 18-845 (áður Muninn) frá Stóra-Vatnshorni. Alls voru hér í samanburði 12 hrútar. Þrír hrútar voru síðan valdir fyrir stöðvarnar að aflokinni afkvæmarannsókn. Það voru aðkomuhrútarirnir Börkur og Glóinn og heimahrúturinn Austri 19-847. Um stígun og ómmælingar sá Eyjólfur Kristinn Örnólfsson. Lömbum úr afkvæmarannsókninni var lógað í slátruhúsinu á Blönduósi 25. september.

HEYDALSÁ 1 (RAGNAR OG SIGRÍÐUR), STEINGRÍMSFIRÐI

Ein stærsta afkvæmarannsókn haustsins fór fram á Heydalsá 1 en þar voru 17 hrútar í samanburði. Tveir aðkomuhrútar voru til prófunar. Það voru þeir Biti 17-050 frá Árbæ og Þristur 18-856 frá Stað í Steingrímsfirði. Margir hrútar fengu glimrandi góðar niðurstöður. Sá sem stóð efstur var heimahrúturinn Amor 19-145 en því miður drapst hann fyrir aldur fram. Þrír hrútar voru valdir á grunni góðra niðurstaðna. Þristur stóðst prófið með sóma og var fenginn á stöð. Einnig voru tveir ungir og bráðefnilegir heimahrútar valdir, þeir Fennir 19-857 og Lurkur 19-858. Skoðun á lifandi lömbum fór fram 22. september. Um dóma sá Eyþór Einarsson en ómmælingar Guðjón H. Sigurgeirsson. Kjötmatniðurstöður byggja á niðurstöðum úr slátrunum frá 24. september og 9. október sem fram fóru á Hvammstanga.

EFRI-FITJAR, FITJÁRDAL

Í Miðfjarðarhólfi var afkvæmarannsókn fyrir úrvalshrúta á Efri-Fitjum. Fjórir aðkomuhrútar voru valdir til prófunar. Það voru þeir Haffi 18-167 frá Mýrum 2, Bekri 18-015 frá Urriðáa, Reki 18-051 frá Þóroddsstöðum og Viðar 17-844 frá Bergsstöðum. Auk þeirra voru 8 heimahrútar. Reki frá Þóroddsstöðum heltist þó úr lestinni strax á fengitíma. Hér voru margir hrútar með mjög glæsilegar tölur en niðurstaðan var að fala Viðar 17-844 frá Bergsstöðum og Glitni 19-848 frá Efri-Fitjum fyrir stöðvarnar. Að dómum og mælingum komu þau Eyþór Einarsson, Sigríður Ólafsdóttir og Stella G. Ellertsdóttir og fóru dómur fram 10. september og 24. september. Niðurstöður byggjast fyrst og fremst á slátrunum frá 11. og 25. september sem fram fóru á Hvammstanga.

ÁLFTAVATN, SNÆFELLSNESI

Á Álftavatni voru 8 hrútar í samanburði. Aðkomuhrútar voru þeir Askur 16-001 frá Mávahlíð, Gammur 17-504 frá Gaul og Grettir 16-449 frá Tungu. Askur lifði því miður ekki nógu lengi til að eiga möguleika á að komast í hóp stöðvahrúta en þessi ágæti hrútur var svalgolsbotnóttur að lit. Niðurstaðan var að enginn hrútur fór á stöðvarnar úr þessari rannsókn. Lárus G. Birgisson sá um dóma í rannsókninni og Anton Torfi Bergsson um ómmælingar þann 5. október. Lömbunum var lógað 7. október í slátruhúsinu á Blönduósi.

SVARFHÓLL, LAXÁRDAL

Á Svarfhóll var prófun á kollóttum heimahrútum. Þrátt fyrir að í þessari öflugu og stóru hjörð væru margir góðir afkvæmahópar var niðurstaðan að enginn hrútur var tekinn á sæðingastöð að sinni. Um dóma sá Árni B. Bragason en ómmælingar Svanborg Þ. Einarsdóttir og voru aðalskoðanir 16. og 23. september. Lömbum var lógað í kjölfarið í slátruhúsinu á Hvammstanga.

SYÐRI-HOFDALIR, SKAGAFIRÐI

Á Syðri-Hofdölum var afkvæmarannsókn fyrir úrvalshrúta í Tröllaskagahólfi. Þar voru aðkomuhrútar þeir Ferill 18-501 frá Skriðu, Girnir 17-658 frá Stóru-Ökrum I, Rutti 17-771 frá Hríshóli og Teddi 17-523 frá Ytri-Hofdölum auk fjögurra heimahrúta. Þeir Ferill, Girnir og Teddi komu allir prýðilega út en sérstaklega var horft til Girnis fyrir stöðvarnar þar sem hann skartaði að auki móbotnóttum lit. Málin tóku þó óvænta og núturlega stefnu þegar riða greindist á heimabúi Girnis og í framhaldinu víðar í nágrenninu. Þar með hefur lokast fyrir möguleikana á því að sækja kynbótagripi í þetta varnarhólf tímabundið, þó þungbærast sé að sjá á eftir langræktuðum úrvalshjörðum verða niðurskurði að bráð.

YTRA-ÁLAND, ÞISTILFIRÐI

Í Norður-Þingeyjarsýslu var haldin afkvæmarannsókn vegna sæðingastöðvanna á Ytra-Álandi. Prófaðir voru tveir aðkomuhrútar, þeir Snar 18-846 frá Leifsstöðum og Bikar 17-311 frá Holti sem kepptu við heimahrúta á Ytra-Álandi. Snar frá Leifsstöðum stóð uppi sem afgerandi sigurvegari og var fenginn á stöðvarnar í framhaldinu. Dómari var Eyþór Einarsson og um ómmælingar sá Steinunn Anna Halldórsdóttir og fór skoðun fram þann 24. september. Kjötmatniðurstöður byggja á niðurstöðum úr slátrun frá 28. september sem fram fór hjá Fjallalambi, Kópaskeri.

YTRI-SKÓGAR, EYJAFJÖLLUM

Á Ytri-Skógum er löng hefð fyrir markvissri prófun lambhrútanna í gegnum afkvæmarannsóknir. Að þessu sinni var einn eldri heimahrútur með í samanburðinum. Sá hrútur sem stóð hér efstur með glæsibrag var Kostur 19-849 og var hann falaður af stöðvunum. Um dóma sá Fanney Ólöf Lárusdóttir og ómmælingar Halla Eygló Sveinsdóttir þann 28. september. Slátrun vegna afkvæmarannsóknarinnar fór fram hjá SS, Selfossi 30. september.

Sauðfjársæðingar

Í samstarfi við Búnaðarsamtök Vesturlands og Búnaðarsamband Suðurlands

Námskeið fyrir sauðfjərbændur, þá sem hafa áhuga á að starfa í faginu, sem og þá sem starfa nú þegar við sauðfjársæðingar.

Kennsla: Þorsteinn Ólafsson dýralæknir

Tími: Boðið verður upp á tvö námskeið:

I: Mið. 2. des, kl. 13:00-18:00 hjá Lbhí á Hesti í Borgarfirði

II: Fim. 3. des, kl. 13:00-18:00 á Stóra Ármóti í Árnessýslu

Verð: 21.900 kr



endurmenntun.lbhi.is • endurmenntun@lbhi.is • 433 5000

Endurmenntun Lbhí



Kjötmat afkvæma sæðingastöðvahrúta haustið 2020

Númer og nafn	Fjöldi	Fallþungi	Gerð	Fita	Hlutfall í E	Hlutfall í U	Hlutfall í 2
Hyrndir hrútar:							
13-953 Dreki	205	18,2	9,90	6,41	10,7%	43,4%	55,6%
13-984 Gutti	160	18,7	9,58	6,88	3,1%	46,9%	40,0%
14-800 Bíldur	57	17,7	9,95	6,53	14,0%	42,1%	50,9%
14-801 Spakur	223	18,0	10,14	6,75	12,1%	49,3%	45,7%
14-988 Tvistur	38	18,8	10,76	6,39	15,8%	60,5%	57,9%
15-806 Náli	96	18,3	9,66	6,03	7,3%	40,6%	68,8%
15-807 Raxi	154	17,3	10,20	7,18	15,6%	42,9%	33,1%
15-822 Búi	211	18,0	9,88	6,53	7,1%	51,2%	50,2%
15-823 Hólkur	636	18,5	10,22	6,95	13,5%	48,9%	38,2%
15-990 Mávur	315	17,4	9,77	6,06	11,1%	41,0%	64,4%
15-991 Njörður	14	17,7	10,14	6,29	21,4%	28,6%	57,1%
16-824 Breki	391	18,4	10,08	6,40	10,5%	51,9%	55,2%
16-825 Glámur	393	18,7	10,54	6,49	18,8%	49,6%	52,7%
16-826 Heimaklettur	284	18,6	10,24	6,73	16,2%	45,8%	42,6%
16-827 Mínus	422	18,2	10,13	6,92	10,9%	50,7%	40,0%
16-828 Mjöllnir	713	19,0	10,67	6,34	18,7%	52,7%	55,0%
16-829 Stapi	560	18,5	10,19	6,68	13,9%	47,1%	47,7%
16-830 Svavar	313	17,8	9,46	6,81	8,0%	35,1%	43,5%
16-994 Durtur	315	18,1	10,69	7,03	17,5%	57,5%	32,7%
17-808 Drjúgur	176	18,3	10,18	6,70	14,2%	45,5%	47,2%
17-809 Glæpon	551	18,1	9,98	6,89	11,8%	44,5%	42,8%
17-810 Köggull	289	18,2	10,07	6,64	11,1%	48,1%	48,8%
17-831 Amor	446	18,6	10,75	6,72	22,2%	48,4%	43,0%
17-832 Bruni	331	18,7	10,14	6,91	13,9%	45,0%	41,4%
18-833 Kofi	139	18,6	10,55	6,86	14,4%	57,6%	40,3%
18-834 Rammi	483	18,6	10,60	6,87	17,4%	52,2%	40,8%
18-835 Völlur	717	18,5	10,47	6,91	19,0%	46,7%	42,0%
Kollóttir hrútar:							
11-979 Blær	67	20,0	9,39	7,01	6,0%	40,3%	34,3%
13-811 Jökull	21	18,5	9,14	6,90		42,9%	42,9%
13-971 Ebiti	217	18,5	9,77	6,81	7,8%	47,0%	43,8%
13-982 Móri	272	18,9	9,71	6,80	5,1%	48,9%	40,1%
14-812 Reykur	29	19,8	10,17	7,24	6,9%	58,6%	31,0%
14-972 Fannar	215	20,3	10,39	7,48	14,4%	52,6%	28,8%
14-973 Plútó	41	19,5	9,90	6,98	12,2%	41,5%	41,5%
15-818 Baukur	161	18,7	10,48	6,91	14,9%	53,4%	40,4%
15-983 Kollur	84	19,4	10,00	6,98	11,9%	42,9%	41,7%
16-819 Bliki	215	19,0	10,00	6,87	6,0%	57,7%	42,3%
16-820 Viddi	320	19,4	10,05	6,86	9,1%	52,8%	39,1%
17-814 Guðni	159	18,7	10,04	7,01	8,8%	54,1%	41,5%
17-821 Fálki	240	19,4	11,20	7,11	28,8%	50,4%	33,8%
Feldfjárrútar:							
12-978 Melur	6	15,4	6,50	6,17			66,7%
16-817 Ljúfur	46	18,1	7,67	7,24	2,2%	8,7%	37,0%

*Gögn miðast við stöðu gagnagrunns 3. nóv. 2020

FRJÓSEMI OG FÓÐRUN SAUÐFJÁR

EYÞÓR EINARSSON
OG ÁRNI B. BRAGASON

Frjósemi sauðfjár er einn af grundvallar eiginleikum í sauðfjárrækt og einn af lykil áhrifaþáttum á afkomu sauðfjársjú. Mikilvægt er því fyrir hvert bú að ná viðunandi frjósemi. Á síðustu 10 árum hefur meðalfrjósemi verið um 1,82 fædd lömb á hverja á í skýrsluhaldi. Breytileikinn er talsverður, mörg bú með úrvalsfrjósemi og mörg bú sem eiga þar mikil sóknarfæri. Árið 2018 var ákveðið að setja í gang verkefni sem miðaði að því að skoða nokkra þætti tengda frjósemi á búum vítt og breitt um landið. Hér verður farið nokkrum orðum um það verkefni og helstu niðurstöður.

TILGANGUR VERKEFNISINS

Megin tilgangur verkefnisins var að styrkja og þróa ráðgjafarstarf í sauðfjárrækt m.t.t. fóðrunar og meðferðar sauðfjár með áherslu á frjósemi og stuðla þar með að fjölgun lamba til nytja. Markmiðin voru:


- Afla gagna um meðferð og fóðrun á að hausti og fram yfir fengitið á búum með breytilega frjósemi og reyna að skýra hvaða þættir skipta mestu máli m.t.t. frjósemi.
- Skoða hvort skýra mætti mun í frjósemi á milli búna út frá fóðrun og meðferð ána frá hausti og fram yfir fengitið.

HVAÐ VAR GERT?

Auglýst var eftir þátttakendum sumarið 2018. Til þátttöku fengust 20 bú í 9 sýslum. Á öllum búum voru tekin heysýni og bændur fengu túlkun á niðurstöðum. Fullorðnar ær (á 2. vetri og eldri) voru vigtaðar og holdastigaðar fyrir og eftir fengitíma. Ráðunautar hjá RML voru við vigitanir og önnuðust holdastigun. Þá voru skráð niður nokkur atriði varðandi húsakost, gjafafyrirkomulag, viðbótarfóður og hvaða hey voru gefin yfir fengitímann. Þessi gögn voru síðan tengd við frjósemi ána samkvæmt niðurstöðum skýrsluhaldsins fyrir framleiðsluárið 2019.

ÞUNGI OG HOLDASTIG ÁNA

Þegar búnið var að hreinsa gagnasafnið innihélt það 4.860 ær 2ja vetra og eldri á 18 bæjum. Frjósemi ána á þessum búum (geldar ær og sæddar ekki með) var á bilinu 1,64 til 2,13 lömb eftir ána og að meðaltali 1,94. Meðalþungi ána fyrir fengitíma var 65 kg við holdastig 3,32. Talsverður breytileiki var milli búna en búsméðaltölin voru á bilinu 54 kg til 70 kg. Í lok fengitíma höfðu ærnar þyngst að jafnaði um 2,26 kg og holdastig þeirra hækkaði um 0,23 stig að jafnaði.




Mynd 1. Súlnar sýna meðalþunga ána fyrir (vigt 1) og eftir (vigt 2) fengitið. Búum skipt í flokka eftir frjósemi þar sem frjósemi var best á búum A og lökust á búum C.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR OG ÁLYKTANIR

BREYTileikinn SKÝRÐUR MED TÖLFRÆÐILÍKANI

Niðurstöður voru greindar með tvennum hætti. Annarsvegar með tölfræðigreiningu á helstu áhrifaþáttum og hinsvegar með samanburði á búum, skipt upp eftir frjósemi. Við tölfræðigreiningu kom fram að besta líkanið skýrði þó ekki nema tæp 19% af breytileikanum í frjóseminni. Þetta líkan innihélt bú, aldur ána, víxlhrif búna og aldurs, kynbótamat fyrir frjósemi, þunga fyrir fengitíma, fjölda daga frá rúningi þar til ærin festi fang (DRF) og víxlhrif DRF og aldurs.




Mynd 2. Súlnar sýna framfarir í þunga ána yfir fengitímann. Búum skipt eftir frjósemi þar sem frjósemi var best á búum A og lökust á búum C.

Þarna var sýnt fram á að allir þessir þættir skipta máli varðandi frjósemi og hinsvegar að það er erfitt að spá fyrir um frjósemi af nákvæmni sem skýrist að hluta af eðli þessara gagna.

SAMANBURÐUR Á BÚUM MEÐ ÓLÍKA FRJÓSEMI

Önnur nálgun á því að greina niðurstöðurnar var gerð með því að gagnasafninu var skipt í 3 flokka þar sem búin voru merkt A, B eða C eftir frjósemi þar sem besta frjósemin var á búum A og lökust á búum C. Helstu niðurstöður voru þær, að ærnar á búum í flokki A þyngdust afgerandi mest yfir fengitímann og bættu mestu við sig í holdastigum. Á þeim búum þar sem frjósemin var lökust voru ærnar bæði þroskaminni og bættu minna við sig í þunga og holdum yfir fengitímann. Sérstaklega var áberandi á búum C hvað 2ja vetra ærnar áttu inni mikinn þroska. Munurinn á þunga þeirra og 5 vetra ána á sömu búum reyndist miklu meiri en sást á búum í flokki A og B. Þessum niðurstöðum er lýst á myndum 1 til 3.



Mynd 3. Meðalþungi ána innan hvers flokks eftir aldri ána (bú A með besta frjósemi og bú C með lakasta frjósemi). Áberandi er hvað yngstu ærnar á búum C eiga inni mikinn þroska.

AÐ LOKUM

Niðurstöðurnar eru því í ágætu samræmi við eldri þekkingu en sýna að þar sem frjósemi er ábótavant ættu bændur að huga að því hvernig til hefur tekist með uppeldi yngstu ána og jafnframt það að mikilvægt er að ærnar séu í góðri framför yfir fengitímann. Þá ber að hafa í huga að frjósemi ræðst bæði af erfðum og umhverfisáhrifum og þurfa báðir þættir að vera í lagi ef bæta skal frjósemina. Nýju verkefni var hleypt af stokkunum árið 2020 þar sem athyglin beinist sérstaklega að frjósemi hjá tveimur yngstu árgöngunum.

Mun ítarlegri umfjöllun um niðurstöður verkefnisins er að finna í lokaskýrslu sem aðgengileg er á heimasíðu RML. Einnig var fjallað um verkefnið á fagfundi sauðfjárræktarinnar 28. febrúar 2020 og eru upptökur frá þeim fundi aðgengilegar á netinu, bæði í gegnum heimasíðu RML og LS.

Verkefnið var unnið af starfsmönnum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands. Þeir Árni B. Bragason, Eyþór Einarsson, Kristján Ó. Eymundsson og Lárus G. Birgisson komu að undirbúningi verkefnisins og voru tengiliðir við þátttökubúin. Guðfinna Lára Hávarðardóttir hafði umsjón með túlkun heysýna og Jóhannes Sveinbjörnsson hjá LBHÍ kom að uppgjöri gagna og veitti aðstoð við túlkun niðurstaðna.

Þakkar eru færðar þátttökubúum og þróunarsjóði sauðfjárræktarinnar sem styrkti verkefnið.

Árangur sæðinga vorið 2020 eftir sæðingastöðvahrútum, ósamstilltar ær, ferkst sæði

Númer og nafn	Sæddar ær	Árangur	Fædd lömb/á
Hyrndir hrútar:			
13-953 Dreki	309	62%	1,89
13-984 Gutti	235	59%	1,91
14-800 Bíldur	131	53%	1,69
14-801 Spakur	370	60%	1,83
14-988 Tvistur	40	84%	1,64
15-806 Náli	216	50%	1,76
15-807 Raxi	199	69%	1,90
15-822 Búi	326	59%	1,86
15-823 Hólkur	879	65%	1,84
15-990 Mávur	455	68%	1,84
15-991 Njörður	21	60%	1,72
16-824 Breki	536	73%	1,95
16-825 Glámur	564	68%	1,97
16-826 Heimaklettur	457	66%	1,92
16-827 Mínus	703	56%	1,78
16-828 Mjólnir	1.017	68%	1,90
16-829 Stapi	827	66%	1,84
16-830 Svavar	354	76%	1,91
16-994 Durtur	564	59%	1,82
17-808 Drjúgur	320	62%	1,77
17-809 Glæpon	719	70%	1,92
17-810 Köggull	362	72%	2,00
17-831 Amor	846	58%	1,80
17-832 Bruni	435	71%	1,78
18-833 Kofi	187	73%	1,94
18-834 Rammi	762	60%	1,86
18-835 Völlur	1.009	67%	1,88
	12.843	65%	1,87
Kollóttir hrútar:			
11-979 Blær	109	68%	1,79
13-811 Jökull	26	50%	1,73
13-971 Ebiti	244	78%	1,89
13-982 Móri	505	64%	1,78
14-812 Reykur	56	70%	1,84
14-972 Fannar	302	70%	1,81
14-973 Plútó	63	64%	1,73
15-818 Baukur	251	64%	1,87
15-983 Kollur	145	61%	1,90
16-819 Bliki	267	69%	1,97
16-820 Viddi	443	70%	1,85
17-814 Guðni	270	54%	1,89
17-821 Fálki	741	41%	1,69
	3.422	61%	1,83
Aðrir hrútar:			
12-978 Melur	11	44%	1,50
15-977 Nikulás	32	64%	2,05
16-817 Ljúfur	41	59%	1,70
17-816 Torfi	35	61%	1,95
	119	60%	1,86
Samtals	16.384	64%	1,86
Sauðfjarsæðingastöð Vesturlands	8.237	60%	1,83
Sauðfjarsæðingastöð Suðurlands	8.147	68%	1,89
Samstilltar ær allt landið	1.003	37%	1,74
Samstillt á öðru gangmáli allt landið	395	63%	1,95
Fryst sæði allt landið	175	36%	1,63

*Gögn miðast við stöðu gagnagunns 12. nóv. 2020

ARFGERÐIR SAUÐFJÁR

SIGRÚN BJARNADÓTTIR | Dýralæknir sauðfjár- og nautgripasjúkdóma, Mast
STEFANÍA ÞORGEIRSDÓTTIR | Sérfræðingur við Tilraunastöðina á Keldum

VERNDANDI ARFGERÐ

ARR/ARR; ARR/ARQ;
ARR/ARH; ARR/AHQ

Erfðafræðilega mest
verndandi. Finnst ekki
í íslensku fé.

LÍTIÐ NÆM ARFGERÐ

AHQ/AHQ;
AHQ/ARQ

Erfðafræðilega lítið
næm fyrir smiti.

MIDLUNGS NÆM ARFGERÐ

ARQ/ARQ

Hlutlaus arfgerð. Algengasta
arfgerðin í íslensku fé.

ÁHÆTTU ARFGERÐ

ARQ/VRQ; AHQ/VRQ;
VRQ/VRQ

Erfðafræðilega mikið
næmi fyrir smiti.

Rannsóknir sýna að næmi sauðfjár fyrir riðusmiti er breytilegt út frá svokallaðri PrP arfgerð þríongena. Vitað er að VRQ genasamsætan er tengd við mikið næmi fyrir hefðbundinni riðuveiki. ARQ og ARH genasamsæturnar eru í meðallagi næmar og AHQ er með lítið næmi. ARR-genasamsætan veitir viðnám gegn smiti og mun arfhreina arfgerðin ARR/ARR vera afar þolin gagnvart smiti.

Undanfarin ár hefur verið vöktun á arfgerðum þríongensins í kindum sem greinast með riðu og hafa tvö jákvæð tilfelli verið staðfest með arfgerðina AHQ sem upphaflega var talin geta veitt vernd gegn riðu í íslensku fé. Í báðum tilvikum var um einkennalausar kindur að ræða (sláturhúsasýni og niðurskurðarsýni). Þetta bendir til að sú arfgerð gefi ekki þá vernd sem áður var talið. Einnig hefur komið í ljós að sú arfgerð er algeng í tilfellum Nor98 riðu, en sú gerð riðu er ekki talin smitandi og því ekki þörf á niðurskurði þar sem hún greinist.

Það er hins vegar ekki þar með sagt að arfgerðin veiti enga vernd heldur getur hún minnkað líkur á að kindur

taki smit. Meiri líkur eru á að kindur með áhættuarfgerðina VRQ smitist af riðuveiki, sé smitefnið til staðar í umhverfi þeirra. Því ætti að leggja áherslu á að fækka fé með þá arfgerð.

Á áhættusvæðum þar sem riða hefur greinst á síðastliðnum 20 árum er arfgerðargreining mikilvægur liður í fyrirbyggjandi aðgerðum. Sérstaklega er þetta mikilvægt

á búum þar sem riða hefur greinst á árum áður. Einnig ættu söluaðilar á líflambasölusvæðum að vinna í því að losa hjarðir sínar við einstaklinga með áhættuarfgerðir.

Íslenska fjárkynið hefur færri genasamsætur en erlend fjárkyn, þögnu genasamsæturnar ARR og ARH finnast til að mynda ekki.



SAUÐFJÁR- SÆÐINGAR & BEIÐSLI



Ær ganga á 16 til 17 daga fresti frá nóvember og fram eftir vetri. Frjósemi þeirra er mest framan af þessu tímabili þ.e.a.s. á hefðbundnum fengitíma í desember.

Ærnar eru blæsma í u.þ.b. 2 sólarhringa (24 til 60 klst.) en egglosið verður 24-36 klst. eftir að beiðslíð byrjar. Sæðið lifir í allt að 24 klst. í leghálsi og eggjaleiðurum ána.

Úti í náttúrunni fylgir æxlunarathöfninni vellíðan og heiladingullinn framleiðir oxytocin hormón, sem m.a. veldur samdrætti í leginu. Verði kindin hrædd eða stressuð framleiða nýrnahettur adrenalín sem kemur í veg fyrir oxytocinframleiðsluna og þar með eðlilegan flutning sæðisins úr leghálsi upp í eggjaleiðarana þar sem eggíð frjóvgast.

Af framangreindu er nokkuð augljóst að til þess að sæðingar gangi sem allra best þarf að tímasetja þær rétt miðað við egglos og ærnar þurfa að vera rólegar þegar þær eru sæddar. Rannsóknir hafa sýnt að sæðingar með frystu sæði hafa borið bestan árangur ef sætt er 16-24 klst. eftir að leitað er að blæsma ám í hjörðinni. Þá má búast við því að flestar ærnar séu á heppilegum sæðingatíma.

Athuganir hafa sýnt að hæsta fanghlutfallið eftir sæðingar er á stærstu fjárbúunum og á búum þar sem aðeins eru fáar ær. Það er líklegt að svo sé vegna þess að á þessum búum sé mest alúð lögð við féð. Á hreinu sauðfjárræktarbúunum eru engar kýr sem draga athyglina frá fénu og umgengnin um fjárhúsin er meiri en hún er á blönduðu búunum. Þar sem kindur eru mjög fáar er frístundabúskapur og kindurnar eru spök gæludýr. Að líkindum er minnsta stressið í sambandi við sæðingarnar á þessum búum.

MEÐHÖNDLUN SÆÐIS

FERSKT SÆÐI

Ferskt sæði er að öllu jöfnu sent frá sæðingastöðvunum við 10 °C og kemur það fram á brúsanum. Ekki er þörf á frekari kælingu nema sæða eigi um kvöld eða daginn eftir. Þá skal kæla sæðið niður í 5 °C og geyma það þannig þar til notkun fer fram. Forðast skal allar hitasveiflur en þær geta drepíð sæðisfrumurnar. Hiti undir frostmarki drepur sæðisfrumurnar!

Mjög mikilvægt er að þurrka stráíð vel áður en það er sett í sæðingataekið með hreinum pappír!

Ferskt sæði skal helst nota innan við 12 tímum eftir sæðistöku en þó getur sæði sem geymt er við réttar aðstæður lifað í rúman sólarhring. Eftir því sem sæðið verður eldra minnka þó gæði þess.

FRYST SÆÐI

Sæðiskúturinn inniheldur fljótandi köfnunarefni (-196 °C) sem endist í 5-7 vikur án þess að bætt sé á hann. Ef allt köfnunarefnið gufar upp eyðileggst sæðið. Það er mikilvægt að fylgjast með því að nóg köfnunarefni sé á kútnum. Það má gera með því að stinga hreinum járntein ofan í kúttinn og hafa hann þar í eina mínútu. Hrímið á teininum sýnir hversu mikið köfnunarefni er í kútnum. Ekki mega vera minna en 5 cm af köfnunarefni í kútnum.

Þegar sæðisstrá er tekið úr kútnum er mikilvægt að lyfta ekki hylkinu með stráunum upp úr kútnum heldur taka eitt strá úr hylkinu með þar til gerðri töng með hylkið ofan í hálsi kútsins. Hylkinu má ekki halda upp úr köfnunarefninu í meira en 5-10 sek. í einu. Þurfi meiri tíma til að finna viðkomandi strá látið hylkið þá aftur niður í um eina mínútu.

SKRÁNING OG UPPGJÖR SÆÐINGA

Upplýsingar um árangur úr sæðingunum gefa mikilvægar upplýsingar um t.d. frjósemi, sæðisgæði, árangur eftir sæðingamönnum og stöðvum o.s.frv. Það er því mikilvægt að sæðingar séu skráðar sem allra fyrst.

Hægt er að skrá eða senda þessar upplýsingar inn á tvo mismunandi vegu:

SKRÁNING SÆÐINGADAGBÓKA

Að afloknum sæðingum eru viðeigandi blöð send til skráningar hjá búnaðarsamböndum á viðkomandi svæði.

SKRÁNING Í FJARVIS.IS

- Skráíð ykkur inn á www.fjarvis.is.
- Veljið <Skrá sæðingu> undir <Vorbók> vinstra megin.
- Skráíð
 - kennitölu sæðingamanns,
 - sæð.dags., hvort ærin/ærnar var/voru samstillt/ar eða ósamstillt/ar,
 - tegund sæðis, hrút og svo þær ær sem voru sæddar þennan dag með áður völdum hrút.

Þetta er svo endurtekið fyrir hvern sæðingadag, sæðingamann og hrút þar til allar sæðingar hafa verið skráðar.

ÞÍÐING Á SÆÐISSTRÁUM

Stráinu þarf að koma eins fljótt og hægt er úr köfnunarefninu í vatnsbað með réttu hitastigi.

Ministrá skal þíða í 35 °C heitu vatnsbaði í 15 sek.

Mediumstrá skal þíða í 50 °C heitu vatnsbaði í 14 sek.

Mæla þarf hitastig vatnsins reglubundið (helst fyrir hverja uppþíðingu). Nauðsynlegt er að hafa hitabruða með sjóðandi eða mjög heitu vatni við hendina til þess að stilla hitastig vatnsins sem þitt er í. Í köldum fjárhúsum kólnar vatnið hratt.

Þíðið aldrei nema eitt strá í einu.

Mæla má tímann með því að telja 1001, 1002, 1003 o.s.frv. ef klukka með sekúnduvísi er ekki við hendina. Athugið að flestir farsímar eru með skeiðklukku.

Þurrkið af stráinu með hreinum pappír eftir þíðingu. Vatn drepur sæðisfrumurnar.

Þídd strá skal nota samstundis.

Hitið sæðingataekið, t.d. innanklæða, í 20-25 °C eða með því að nudda það fast áður en stráíð er sett í.

Passið að sæðingataekið sé þurrt.

Eftir að stráíð hefur verið sett í sæðingataekið hafið það innanklæða þar til sætt er til þess að verja sæðið fyrir hitasveiflum.

Gætið ítrasta hreinlætis og farið varlega í kringum fljótandi köfnunarefni.

Athugið að uppþídd strá skal nota strax!

SAMSTILLINGAR

Sumir velja þann kost að samstillta gangmál ána sem á að sæða. Þannig geta menn sætt þær ær sem þeir vilja helst. Þeir þurfa ekki að láta sæða nema einn dag og burðurinn tekur styttri tíma.

Ókostir þess að samstillta ærnar eru að það kostar peninga og fanghlutfallið hefur verið talsvert lakara en á ósamstilltum gangmálum.

Þegar ær eru samstilltar er það oftast gert þannig að sérstökum svampi sem inniheldur fósturlífsvaka er komið fyrir í skeið ærinnar. Hann er hafður í skeiðinni í 14 daga. Réttur sæðingatími er 55 (50-60) klst. eftir að svampurinn er fjarlægður úr skeið ærinnar. Sæðinguna ætti að framkvæma eins og áður var lýst.

Það er einnig hægt að leita að beiðandi ám, byrja að leita sólarhring eftir að svamparnir eru teknir úr og sæða 16-24 klst. eftir að beiðslíð sést.

SÆÐING Á ÖÐRU GANGMÁLI FRÁ SAMSTILLINGU

Nokkrir bændur hafa reynt að nýta kosti samstillinga og halda fanghlutfallinu uppi. Þá hafa þeir samstillt á venjulegan hátt en ekki sætt fyrr en á öðru gangmáli. Flestar ærnar beiða 19 dögum eftir að svamparnir eru teknir úr. Hluti þeirra beiðir eftir 18 daga, en mjög fáar eftir 17 eða 20 daga. Þessari aðferð er hins vegar ekki hægt að mæla með nema menn hafi aðgang að sæðingum 2-3 daga í röð.

VINNULAGSREGLUR

SÆÐINGAR

Hiti yfir frostmarki, gott skipulag, rólegheit. Egglos verður 24-36 klst. eftir upphaf blæsmiss.

Dæmi:

Sæðing kl. 15. Leitað í fénu kl. 10 daginn áður og blæsma ær merktar eða skráðar.

Leitað um miðnætti eða fyrir kl. 8 dagana sem á að sæða og valdar ær til að sæða úr nýjum blæsimum.

SAMSTILLING

Svampur hafður í 14 daga.

Sæðing 55 klst. eftir úrtöku.

Dæmi:

Sæðing 15. desember kl. 15.

Svampar settir í 29. nóvember.

Svampar teknir úr 13. des. kl. 7.

SAMSTILLT OG SÆTT Á ÖÐRU GANGMÁLI

Svampur hafður í 14 daga.

Sætt 18 og 19 dögum eftir úrtöku.

Dæmi:

Sæðing 15. desember kl. 15.

Svampar settir í 13. nóv.

Svampar teknir úr 27. nóv.

Leitað 15. des. kl. 8.

Sæðing 16. desember kl. 15.

Leitað 16. des. kl. 8. 2/3 ána að ganga.

GÓÐ RÁÐ

Hvernig nærðu sem hæstu fanghlutfalli í sæðingum

Daginn áður en á að sæða er farið í húsin fyrir hádegi og athugað hvaða ær eru blæsma. Þær ær sem þá eru að ganga verður of seint að sæða.

Seint kvöldið áður eða snemma daginn sem á að sæða eru teknar til þær ær sem á að sæða og þær settar sér í stíu nærri hrútunum.

Það ættu að líða 6-20 klst. frá því að ærnar eru valdar þangað til þær eru sæddar. Þessi háttur er svo hafður á alla dagana sem sætt er.

Þegar kemur að sæðingunum er gott að vera búinn að gefa á garðann svo ærnar séu rólegar og fjárhirðirinn ætti að fara einn með sæðingamanninum í húsin.

Hiti í húsunum ætti að vera rétt fyrir ofan frostmark.

Sæðinguna ætti svo að framkvæma í góðu ljósi án þess að ærnar séu dregnar eða reknar til í húsinu.

Forðist að neinir aðrir en sæðingamaðurinn og fjárhirðirinn séu að þvælast í fénu.

Það hefur sýnt sig skila mjög bættum sæðingaárangri að hafa hrút í nálægð við ærnar þegar sætt er.



Fallnir hrútar 2019-2020 - Ástæður

09-939 Lobbi	Felldur - fullnotaður
11-979 Blær	Felldur - fullnotaður
12-978 Melur	Felldur - fullnotaður
13-811 Jökull	Felldur - fullnotaður
13-953 Dreki	Felldur - fullnotaður
13-971 Ebiti	Felldur - fullnotaður
13-984 Gutti	Drapst
14-800 Bíldur	Felldur - lélegur sæðisgjafi
14-801 Spakur	Drapst - barkabólga
14-812 Reykur	Felldur - heilsufarsástæður
14-972 Fannar	Felldur - fullnotaður
14-973 Plútó	Felldur - fullnotaður
14-988 Tvistur	Felldur - fullnotaður (slakur ærfaðir)
15-806 Náli	Felldur - heilsufarsástæður
15-807 Raxi	Felldur - fullnotaður
15-977 Nikulás	Felldur - fullnotaður
15-983 Kollur	Felldur - fullnotaður
15-990 Mávur	Felldur - fullnotaður
15-991 Njörður	Felldur - fullnotaður
16-819 Bliki	Drapst - barkabólga
16-830 Svavar	Drapst - afvelta
17-808 Drjúgur	Felldur – heilsufarsástæður (mögulegur erfðagalli í bindivef um endaparm)
17-810 Köggull	Drapst - lungabólga
17-813 Dúlli	Felldur - hlandsteinn

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins sinnir víðtækri landbúnaðarráðgjöf um allt land. Ráðgjöf okkar er sniðin að þörfum landbúnaðarins hverju sinni. Kynntu þér málið á rml.is og pantaðu tíma hjá ráðgjafa eða í síma 516 5000.



Alhliða ráðgjöf fyrir sauðfjárþændur varðandi:

- Arfgerðarsýnatökur
- Fjánhúsbyggingar
- Fjárvis.is
- Fóðrun og frjósemi
- Jarðrækt
- Rekstur
- Ræktun sauðfjár
- Skýrsluhald og fleira

Gæði – alla leið!

Í SÁTT VIÐ NÁTTÚRUNA



Fjölskyldurnar í Lambhaga eru hluti þeirra 900 bænda sem eiga SS. Þau sinna bústörfum í fullri sátt við umhverfið. Með fyrsta flokks aðbúnaði tryggja þau að kjötið frá SS skilar sér í gæðum alla leið á diskinn þinn.

Íslenska sveitin og SS - fyrir þig

